

September 2021



Samskipti Íslands og Færeyja

Tillögur til framtíðar

Stjórnarráð Íslands
Utanríkisráðuneytið



Útgefandi:

Utanríkisráðuneytið

September 2021

utn@utn.is

www.utn.is

Umbrot og textavinnsla:

Utanríkisráðuneytið

Forsíðumynd: Dick Elbers ([CC BY-SA 4.0](#))

Efnisyfirlit

Sterk tengsl á traustum vináttugrunni	5
Inngangur	6
1. Um Ísland og Færeyjar	9
2. Viðskipti	14
2.1 Vöruviðskipti	14
2.2 Þjónustuviðskipti	17
2.3 Fjárfestingar og fjármögnun	20
2.4 Færeysk – íslenska viðskiptaráðið	21
2.5 Samantekt	22
2.6 Tillögur	22
3. Samgöngur	24
3.1 Sjóflutningar	24
3.2 Flugsamgöngur	26
3.3 Þróun siglinga og nýtingu auðlinda á norðurslóðum	26
3.4 Samantekt	27
3.5 Tillögur	27
4. Sjávarútvegur	28
4.1 Fiskeldi	29
4.2 Samstarf stofnana	30
4.3 Samantekt	31
4.4 Tillögur	31
5. Ferðaþjónusta	33
5.1 Samantekt	34
5.2 Tillögur	34
6. Heilbrigðismál	35
6.1 Nám og þjálfun á heilbrigðissviði	36

6.2	Lyfjamál.....	37
6.3	Önnur heilbrigðisþjónusta.....	37
6.4	Tillögur.....	37
7.	Menntamál, rannsóknir og nýsköpun.....	39
7.1	Samstarf á framhaldsskólastigi.....	40
7.2	Samstarf á háskólastigi.....	40
7.2.1	Háskóli Íslands og Fróðskaparsetrið.....	40
7.2.2	Háskólinn í Reykjavík og Bifröst.....	41
7.2.3	Aðrir háskólar.....	42
7.3	Rannsóknir og nýsköpun.....	42
7.4	Samantekt.....	43
7.5	Tillögur.....	44
8.	Menningarmál.....	46
8.1	Sviðslistir.....	46
8.2	Tónlist.....	46
8.3	Bókmenntir.....	47
8.4	Myndlist.....	47
8.5	Kvikmyndir.....	47
8.6	Tillögur.....	48
9.	Íþróttir.....	49
9.1	Tillögur.....	50
10.	Lokaorð.....	51
	Viðauki I: Tillögur starfshópsins.....	52

Myndaskrá

Mynd 1: Aðalræðisskrifstofa Íslands í Þórshöfn.....	13
Mynd 2: Frá höfninni í Þórshöfn (Freysteinn G. Jonsson).....	14
Mynd 3: Vöruviðskipti Íslands og Færeyja 1990-2020 (Hagstofa Íslands).....	15
Mynd 4: Þróun þjónustuviðskipta við Færeyjar 2009-2019 (Hagstofa Íslands).....	18
Mynd 5: Nærumhverfi Íslands og Færeyja.....	24
Mynd 6: Fiskeldiskvíar úti fyrir Suðurey (Erik Christensen - CC BY-SA 3.0).....	29
Mynd 7: Frá undirritun samsstarfssamnings Íslands, Færeyja og Grænlands um heilbrigðismál (Heilbrigðisráðuneytið).....	35
Mynd 8: Norðurlandahúsið í Þórshöfn (Nordens Hus på Færøerne - CC BY 2.5 DK).....	46

Töfluskrá

Tafla 1 Helstu útflutningsvörur Íslands til Færeyja 2020.....	16
Tafla 2 Helstu innflutningsvörur Íslands frá Færeyjum 2020.....	16
Tafla 3 Heildarvöruviðskipti Íslands við útlönd 2019 og 2020 (m.kr.).....	17
Tafla 4 Heildarvöruviðskipti Færeyja við útlönd 2019 og 2020 (m.kr.).....	17
Tafla 5 Útflutningur þjónustu eftir þjónustuflokkum.....	19
Tafla 6 Innflutningur þjónustu eftir þjónustuflokkum.....	19
Tafla 7 Heildarþjónustuviðskipti Íslands við útlönd (m.kr.).....	20
Tafla 8 Heildarþjónustuviðskipti Færeyja við útlönd (m.kr.).....	20
Tafla 9 Flutningamagn um hafnirnar í Þórshöfn og Reykjavík.....	25
Tafla 10 Fiskveiðisamningur Íslands og Færeyja frá 3. nóvember 2020.....	28

Sterk tengsl á traustum vináttugrunni

Það er bæði mikilvægt og ánægjulegt að skýrsla þessi hafi nú litið dagsins ljós í kjölfar vinnu starfshóps sem skipaður var fjölbreyttum hópi fólks með þekkingu og reynslu af samskiptum Íslands og Færeyja. Í tíð minni sem utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra hef ég lagt áherslu á samskipti landanna og beitt mér til þess að viðhalda sterkum tengslum á þeim trausta vináttugrunni sem samskipti þjóðanna hvíla á. Skipun starfshópsins og gerð þessarar skýrslu með þeim tillögum til framtíðar sem þar koma fram er því rökrétt skref í framhaldi af þeim áherslum sem lagðar hafa verið.



Íslendingar og Færeyingar eru nánir grannar, við eigum sameiginlegan uppruna og um margt samþætta sögu. Hagsmunir okkar sem fámennra eybjóða fara oft saman og samvinna í hagsmunagæslu er báðum til hagsbóta. Þá má ekki gleyma að í gildi er fríverslunarsamningur milli Íslands og Færeyja, sem nefnist Hoyvíkursamningurinn. Hann er víðtækasti fríverslunarsamningur sem Ísland hefur gert og sá eini sinnar tegundar sem Færeyjar eru aðilar að. Frá gildistöku hans hafa viðskipti með vörur og þjónustu stóraukist. Aukin viðskipti þýða aukin samskipti og ég er þeirrar skoðunar að viðskiptasamningar geti verið eitt sterkasta aflið til þess að efla skilning milli fólks af mismunandi þjóðernum, efla traust og skapa grundvöll fyrir samvinnu á öðrum sviðum.

Tillögurnar í skýrslunni eru af margvíslegum toga og spanna svið allt frá íþróttum til bláa hagkerfisins. Öllum er þeim ætlað að stuðla að auknum samskiptum þjóðanna tveggja þannig að báðar njóti góðs af. Mín von er sú að þessum tillögum verði sem flestum hrint í framkvæmd á næstu árum og renni sterkari stoðum undir núverandi samskipti og samvinnu sem og skapi forsendur fyrir nýjum og spennandi tækifærum á samvinnu og samstarfi þessara nánu vinaþjóða.

*Guðlaugur Þór Þórðarson,
utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra*

Inngangur

Samband Íslands og Færeyja er náð og á sér langa sögu. Þjóðirnar deila fjölmörgum líkindum, m.a. í forsögu sinni, samfélagsþróun, efnahag, náttúrufari og menningu, sem endurspeglast t.a.m. í náskyldum tungumálum og hugarfari. Þær eru frændþjóðir í raun og sann.

Margvíslegt samstarf er á milli Íslands og Færeyja, bæði formlegt milli stjórnvalda og stofnana, sem og milli fyrirtækja, hagsmunasamtaka og einstaklinga. Í mjög mörgum tilfellum fer samstarf Íslands og Færeyja fram í vest-norrænu samhengi, eða á almennum norrænum vettvangi. Þrátt fyrir langa og gæfuríka sögu samstarfs er óumdeilt að mögulegt er að efla enn tvíhliða efnahagsleg, menningarleg og pólitísk tengsl milli þessara grannþjóða.

Til þess að meta hvernig best sé að raungera þessi tækifæri skipaði utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra starfshóp sem gera ætti tillögur um áþreifanlegar aðgerðir eða verkefni sem hægt væri að ráðast í á næstu árum. Hópurinn tók til starfa í mars 2021. Hann skipa Júlíus Hafstein sem jafnframt er formaður hópsins, Elin Svarrer Wang, Gísli Gíslason og Sif Gunnarsdóttir. Starfsmaður hópsins var Andri Júlíusson.

Hópurinn var einhuga um að beina sjónum sínum ekki hvað síst að þeim sviðum þar sem lítið er um núverandi tvíhliða samstarf að ræða og einnig á sviðum þar sem ljóst þykir að aðgerða sé þörf til að efla samstarf.

Hópurinn hittist sex sinnum til vinnufunda og átti samráð við fjölbreyttan hóp ráðuneyta, stofnana, hagsmunaaðila o.fl. Afrakstur þessarar vinnu og tillögur hópsins líta nú hér dagsins ljós. Það er von meðlima starfshópsins að þeim aðgerðum sem lagðar eru til verði hrint í framkvæmd og að þær muni leiða til aukningar og eflingar á samskiptum Íslands og Færeyja á fjölbreyttu sviði, báðum þjóðum til framdráttar.

Hér má finna helstu tillögur starfshópsins, en heildarlista tillagna má finna í viðauka I.

Formfesting samstarfs við Fæís

Virkt tvíhliða verslunarráð getur haft mikil áhrif til eflingar viðskipta milli landa. Færeysk - íslenska verslunarráðið (Fæís) hefur á starfstíma sínum skipt verulegu máli í því skyni. Til þess að nýta enn frekar þennan vettvang og stuðla að upplýsingaflæði milli stjórnvalda, sem m.a. bera ábyrgð á rekstri Hoyvíkursamningsins, er lagt til að formfest verði samstarf milli viðskiptaskrifstofu utanríkisráðuneytisins og Fæís með reglulegum fundum.

Samtenging flutningaleiða fyrir ferskvöru

Ferskar afurðir eru vaxandi hluti í útflutningi sjávarafurða beggja landa. Til að útflutningur á ferskvöru geti vaxið og þar með aukið verðmætasköpun eru greiðar flutningsleiðir til erlendra markaða lykilatriði, hvort sem er með flugi

eða sjófragt. Þá gefur ný tækni við kælingu enn fleiri möguleika en áður varðandi útflutning á ferskum fiski, unnum eða óunnum. Lagt er til að stjórnvöld hafi frumkvæði að því að þau fyrirtæki sem stunda flutninga í lofti og á legi og útflytjendur komi saman með aðkomu stjórnvalda til að greina með hvaða hætti sé hægt að þetta samtengingu flutningskerfa og ryðja úr vegi hindrunum fyrir slíku, séu þær til staðar.

Bláa hagkerfið

Upp er runninn sá tími að sjávarútvegsþjóðir geta ekki lengur treyst á hefðbundinn sjávarútveg sem vaxtarbrodd og grundvöll efnahags. Mikilvægi þróunar nýrra vinnsluáferða, nýtingu nýrra tegunda og eflingar hafsækinnar starfsemi er því meiri nú en fyrr. Lagt er til að atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið leitist eftir því að gera rammisamning við Færeyjar um eflingu bláa hagkerfisins í löndunum báðum þar sem auðsýnt er að hagsmunir þjóðanna fara hér saman að fullu.

Aukið tvíhliða markaðssamstarf

Ekki er umfangsmikill ferðamannastraumur á milli Íslands og Færeyja og talsverð tækifæri fólgin í því að kynna löndin sem áfangastað fyrir íbúum landanna tveggja. Samvinna um slíkt markaðsstarf er líkleg til að skila meiri árangri en ekki og því skyldi hvatt til hennar. Lagt er til að sendiskrifstofa Íslands í Þórshöfn leiti samvinnu við sendiskrifstofu Færeyja í Reykjavík um með hvaða hætti sé best að ráðast í slíkt markaðsstarf í samstarfi við ferðamálastofur landanna.

Efling samstarfs utan sjúkrahúsa

Í gildi er almennur samningur milli LSH og Heilsumálaráðs Færeyja um heilbrigðisþjónustu. Það virðist hins vegar sem svo að samstarf hafi dregist saman á öðrum sviðum, t.d. á sviði lækninga eða meðferða utan sjúkrahúsa. Lagt er til að heilbrigðisráðuneytið taki höndum saman með heilbrigðisfyrirvöldum í Færeyjum og geri úttekt á því á hvaða sviðum og með hvaða hætti megi auka nýtingu Færeyinga á heilbrigðisþjónustu utan sjúkrahúsa á Íslandi.

Vísinda- og menntasjóður

Hlutverk sjóðsins verði að styrkja námsmenn, rannsakendur og kennara til vistaskipta, samstarfs og sameiginlegra verkefna. Fjármagn komi frá hinu opinbera, félagasamtökum og einkaaðilum. Stofnfé verði ákvarðað og tryggt fjármagn til starfsemi til a.m.k. fimm ára.

Námsefni fyrir grunnskóla

Aukin þekking Íslendinga á Færeyjum myndi efalaust leiða af sér aukna samvinnu og samstarf á fjölmörgum sviðum. Aðgengi að góðu fræðsluefni og markviss kennsla um grannþjóðir okkar yrði til þess að bæta hér úr. Lagt er til að mennta- og menningarmálaráðuneytið hlutist til um gerð nútímalegs námsefnis fyrir grunnskóla þar sem fjallað yrði um Færeyjar fyrr og nú með

heildstæðum hætti og lögð áhersla á tengsl Íslands og Færeyja í fortíð, nútíð og framtíð.

Samstarf miðstöðva skapandi greina

Það væri án efa til þess fallið að auka samstarf íslenskra og færeyskra listamanna ef formlegu samstarfi miðstöðva skapandi greina yrði komið á, fjölga þannig sjálfsprottnum samstarfsverkefnum og auðga menningarlíf í báðum löndum. Lagt er til að miðstöðvar skapandi greina, í samstarfi við utanríkisráðuneytið og Íslandsstofu leitist eftir því að gera samstarfssamninga við sambærilegar miðstöðvar í Færeyjum.

1. Um Ísland og Færeyjar

Með Íslendingum og Færeyingum er sterkur skyldleiki. Um það vitnar m.a. landnám eyjanna, saga, lífsbarátta, tungumálið, menning, þróun samfélaganna og undirstaða þeirra. Færeyjar og Ísland búa að sögnum um dvöl keltneskra munkna fyrir daga norræns landnáms, sem eru taldar hafa átt sér stað á svipuðum tíma í báðum löndum. Öllum eru kunnar fornar sagnir og heimildir Landnámu Ara fróða Þorgilssonar um Naddóð Ásvaldsson, Garðar Svavarsson, Hrafna-Flóka Vilgerðarson og síðan Ingólf Arnarson og fóstbróður hans Hjörleif Hróðmarsson, landkönnuði og landnámsmenn á Íslandi. Landnámssögu Færeyja er hins vegar getið í Færeyingasögu og Ólafs sögu Tryggvasonar og landnámsmaður sagður Grímur Kamban. Löndin eiga það sameiginlegt að ártal hins eiginlega landnáms er ekki staðfest. Landnám Ísland er talið vera á árunum 870 til 874 en landnám Færeyja á fyrstu áratugum 9. aldar en þó ekki seinna en árið 825.

Öruggar heimildir eru um talsverð samskipti norrænna manna og keltneskra á þeim árum sem landnám norrænna manna átti sér stað á Íslandi og Færeyjum. Meðal annars má í þeim efnum nefna siglingu Auðar dúpuðgu Ketilsdóttur flatnefs til Íslands frá Suðureyjum og reyndar einnig Systur hennar Þórunnar hyrnu og mágs hennar Helga magra, frá Írlandi til Íslands, en Auður kom við í Orkneyjum og Færeyjum en gifti þar tvær sonardætur sínar, Gró í Orkneyjum og Ólöfu í Færeyjum. Segir í Færeyingasögu að frá Ólöfu og manni hennar séu komið „kyn eitt ágætast í því landi er þeir kalla Götuskeggja“.

Ýmsar heimildir og kenningar lúta að því að verslun og nýting auðlinda hafi verið allnokkur á norðurslóðum og það hafi m.a. verið hvati flutninga fólks og siglinga á milli Noregs, Færeyja, Íslands, Írlands, Skotlands og eyjanna á því svæði. Það má því halda því fram að á söguöld hafi þetta svæði í norðurhöfum verið á sinn hátt virkt efnahagssvæði.

Íslendingar og Færeyingar bjuggu í öndverðu að sambærilegu þjóðskipulagi, sem mótaðist af skipulagi í Noregi. Færeyskt þing var stofnað á Tinganesi árið 825 en á Íslandi var þing stofnað á Þingvöllum árið 930. Færeyingar varðveittu þinghald sitt óbreytt til ársins 1274 þegar Magnús lagabætur setti lög um þingið. Þá voru 36 þingmenn og einn lögmaður í Færeyjum. Færeyska þingið starfaði óslitið til ársins 1816 en lagðist þá af til ársins 1852. Íslenska þingið starfaði til ársins 1799, en lagðist þá af en var endurreist árið 1844. Því deila báðar þjóðir langri þinghefð þar sem þingstörf voru lengst af mun fjölbreyttari en hefðbundin störf þeirra löggjafarþinga þjóðanna sem nú eru við lýði.

Frá landnámi til síðari hluta 13. aldar áttu sér stað atburðir sem jafnvel í dag er vert að hafa í huga. Í báðum löndunum vék heiðni fyrir kristnitöku árið 1000 og á Íslandi ríkti Sturlungaöld í lok 11. aldar og fram á miðja 12. öld með valdabaráttu og hjaðningavígum, en í Færeyjum glímdi Götuskeggjar undir forystu Þrándar í Götu Þorbjörnssonar við Sigmund Brestisson. Skildi þar á milli

þeirra að Þrándur í Götu vildi halda heiðna siði og hafnaði ásælni Noregskonungs, en Sigmundur Brestisson var hallur undir kristni og handgenginn Hákonni jarli og síðar Ólafi Tryggvasyni Noregskonungi. Frá þessu segir m.a. í Færeyingasögu (Einar Kárason gerir Sturlu Þórðarson að höfundi bókarinnar í skáldsögu sinni Skálmöld sem er ein fjögurra skáldsagna hans sem fjalla um sögulega atburði á 13. öld).

Með gamla sáttmála árið 1262 má segja að Sturlungaöld hafi lokið á Íslandi en formleg yfirráð Noregskonungs hafist, en í Færeyjum er Noregskonungur talinn hafa náð yfirráðum í Færeyjum við dauða Þrándar í Götu árið 1035 þegar Leifur Össurarson gerðist lénsmaður konungs. Eftir að báðar þjóðirnar komust undir vald Noregskonunga fylgdu bæði löndin þeim breytingum sem urðu með Kalmarsambandinu árið 1380. Árið 1661 urðu Danmörk og Noregur sérstakt konungsveldi og árið eftir færðust Ísland og Færeyjar undir einvalda danskan konung. Ísland varð svo fullvalda ríki árið 1918 og rauf að fullu tengsl við Danmörku árið 1944 en Færeyjar hafa haft heimastjórn frá árinu 1948.

Ekki fer miklum sögum um samskipti Íslendinga og Færeyinga á tímabilinu frá 1300 til 1800, en þó má segja að báðar þjóðir glímdu við Tyrkjarán, Íslendingar árið 1627, en Færeyingar árið 1629. Báðar þjóðirnar bjuggu við það fyrirkomulag sem þróaðist varðandi verslun, einokun og átök Dana varðandi veiðar og verslun Þjóðverja og Englendinga á áhrifasvæði Dana. Svartidauði gerði strandhögg með báðum þjóðum á árunum 1402 – 1404 og einnig 1494-1495 þannig að baráttan í báðum löndum var hörð við að lifa af þeim landgæðum sem fyrir hendi voru til sjávar og sveita. Það er kunnuglegt stef úr íslenskri sögu að kvartað var yfir samskiptum við fulltrúa konungsveldisins og það sama þekktist í færeyskri sögn því Færeyingar kvörtuðu yfir hinum alræmdu Gabelsbræðrum 1655-1709 og sagt að þá hafi Færeyingar í fyrsta sinn haft bein samskipti við hinn danska konung og kvartað yfir stjórn þeirra bræðra.

Þegar kom fram á 19. öldina má segja að nýir samfélagsstraumar hafi skilað sér til Íslands og Færeyja í kjölfar upplýsingaaldar og upphafs rómantíska tímabilsins. Breytingar á stjórnskipun í Danmörku, ekki síst afnám einveldis konungs árið 1848, höfðu í för með sér umrót á Íslandi og í Færeyjum, sem þróaðist með nokkuð sambærilegum hætti þó svo að staða landanna sé í dag með mismunandi hætti.

Í báðum löndum var krafist breytinga í verslun, sem hafði um aldaskeið verið háð einokun Dana. Árið 1804 keypti Poul Poulsen – Nólsoyjar Páll – ásamt bræðrum sínum skip sem hafði strandað og gerði upp. Skipið fékk nafnið Royndin Fríða og var ætlað til flutninga á vörum til og frá Færeyjum. Verkefnið var í andstöðu við ríkjandi verslun og viðskiptahætti í Færeyjum og í raun uppreisn gegn ríkjandi fyrirkomulagi. Andspyrnan við þessi áform var mikil og Nólsoyjar Páll sektaður og vafinn málsóknum vegna siglinganna. Árið 1807 settu Bretar á hafnbann á Danmörku og árið 1808 var Royndin Fríða tekin af breskum herskipum og færð til Englands. Bretar höfðu þó samúð með málstað Nólsoyjar Páls en þar sem skip hans hafði orðið fyrir talsverðu tjóni fengu þeir honum

annað skip, North Star, sem Páll sigldi áleiðis til Færeyja í nóvember 1808, en fyrst í hafi. Uppreisn Nólsoyjar Páls hafði mikil áhrif á samfélagið í Færeyjum að honum látnum, m.a. varðandi verslun, siglingar og veiðar, en einokun í Færeyjum var formlega afnumin 1856. Á Íslandi hafði sá árangur náðst að einokun var afnumin í ágúst 1786 og við tók svokölluð „fríhöndlun“ sem var þó ekki „fríverslun“ í nútímaskilningi, en á 19. öld urðu allnokkrir þéttbýlisstaðir viðurkenndir sem verslunarstaðir.

Þróun, stefna og straumar á 19. öld höfðu víðtæk áhrif á íslenskt og færeyskt samfélag og samskipti þjóðanna lágu m.a. saman í Kaupmannahöfn, þar sem Íslendingar og Færeyingar sóttu nám í háskólum. Nefna má að um miðja 19. öld var málum svo komið að ekkert færeyskt ritmál var til. Í ævisögu Jóns Sigurðssonar, sem skrifuð er af Guðjóni Friðrikssyni segir m.a. að Jón Sigurðsson hafi lagt talsvert af mörkum til færeysks ritmáls. Ungur færeyskur prestur að nafni Veneclaus Ulricus Hammershaimb (1819-1909), sem Jón hafði kynnst á Garði (Regensen) á sínum tíma, er talinn faðir færeysks ritmáls, en það sneið hann m.a. að ráði Jóns að mestu eftir forníslensku. Árið 1845 var stofnað félag í Kaupmannahöfn sem átti að stuðla að því að vekja upp færeyskt ritmál og er sagt að Hammershaimb, Jón og sex aðrir menn hafi boðað til stofnunar félagsins en Hammershaimb og Jón voru ævilangt vinir. Hammershaimb var einnig vel þekktur fyrir að safna færeyskum kvæðum og sögnum, en áhugi þeirra Jóns í þeim málum fór vel saman.

Um og fyrir miðja 19. öld óx þjóðernisvitund Íslendinga fiskur um hrygg þar sem Fjölnismenn og fleiri létu að sér kveða, en í fararbroddi var Jón Sigurðsson. Sú vitund leiddi til þess að Íslendingar fengu setta stjórnarskrá fyrir Ísland árið 1874 og árið 1904 heimastjórn. Árið 1918 var síðan sem kunnugt er fullveldi Íslands viðurkennt, en lýðveldi stofnað á Þingvöllum þann 17. júní 1944. Í Færeyjum má segja að með stofnun Föroyingafélagsins árið 1888 hafi þjóðernisvitund Færeyinga fallið í ákveðinn farveg. Upphaflega mun félagið hafa lagt áherslu á að varðveita færeyska tungu (sem varð opinbert tungumál Færeyinga árið 1937), en síðar beinst í auknum mæli að stjórnárum.

Helstu forystumenn í baráttu fyrir sjálfstjórn Færeyja voru þeir Jóhannes Patursson, bóndi á Kirkjubæ og Rasmus Christoffer Effersö (sem átti ættir að rekja til Íslands og ættarnafn hans er kennt við Örfirisey, en náskyldur honum var Jón Guðmundsson (1774-1866), sem var m.a. í lífvarðarsveit Jörundar Hundadagakonungs, en „hraktist“ til Færeyja að loknu valdatímabili Jörundar). Barátta þeirra Jóhannesar og Rasmusar beindist að því að Færeyingar fengju heimastjórn að íslenskri fyrirmynd (sjálfstjórn). Var það samþykkt 13. desember 1938, en komst ekki að fullu á fyrr en 1948. Umræða um sjálfstæði hefur fylgt Færeyingum alla 20. öldina og fram á 21. öld, en í september 1946 samþykktu Færeyingar með mjög naumum meirihluta að lýsa yfir sjálfstæði, en Danir höfnuðu sjálfstæðisyfirlýsingu Færeyinga og sendu þingið heim. Í kosningum sem haldnar voru í framhaldi náðu hins vegar andstæðingar sjálfstæðis meirihluta og því byggir stjórnskipan Færeyja á heimastjórn.

Allt frá landnámi snérist lífsbarátta Íslendinga og Færeyinga um landbúnað og fiskveiðar. Fjárnúskapur var hefðbundinn grundvöllur lífsafkomu en munur landanna felst m.a. í því jarðnáði sem var til staðar. Athyglisvert er að varðveisla matvæla er með sitt hvorum hætti og skapast eflaust af aðstæðum, en Færeyingar þurrkuðu kjöt (og þurrka enn ræstkjöt og skerpukjöt) á meðan Íslendingar varðveittu kjöt með að reykja það en einnig í mysu (súrsað), sem eflaust skýrist af betra landnáði til að halda kýr og nautgripi. Báðar þjóðir varðveittu hins vegar fisk með þurrkun (ræstur fiskur/siginn fiskur/harðfiskur).

Þegar leið á 19. öld varð sjávarútvegur öflugri og á þilskipaöldinni, sem segja má að hafi staðið yfir tímabilið frá lokum 19. aldar og fram á fyrstu áratugi 20. aldar, sóttu Færeyingar talsvert á Íslandsmið, eins og aðrar þjóðir svo sem Frakkar, Bretar og fleiri. Siglingar og veiðar Færeyinga á Íslandsmiðum leiddu til ýmis konar samskipta við Íslendinga víða um land einkum þó á Austfjörðum (Neskaupstaður og Seyðisfjörður) en einnig á Suðurlandi (Vestmannaeyjar), Reykjanesi og Vesturlandi (Ólafsvík). Á árunum 1882 til 1993 eru skráð 66 sjóslys færeyskra skipa við Ísland og með þeim skipum fórust um 400 sjómenn.

Þá má nefna þann sameiginlega þráð að báðar þjóðir eiga sinn fulltrúa sem hlotið hefur Nóbelsverðlaun. Halldór Laxness hlaut Nóbelsverðlaunin í bókmenntum árið 1955, en Niels Ryberg Finsen (sem átti ættingja á Íslandi og varð stúdent frá Lærða skólanum árið 1882) fékk Nóbelsverðlaunin í læknisfræði árið 1903.

Á seinni hluta 20. aldar og fram á 21. öld voru samskipti Íslendinga og Færeyinga helst tengd veiðiheimildum og fiskveiðisamningum, en einnig á sviði íþróttar. Einnig má nefna starfsemi íslenskra verktaka við hafnar- og jarðgangagerð og byggingu uppsjávarvinnsluhúsa í Fuglafirði og á Suðurey. Umsvif Færeyinga á Íslandi hafa verið með öðrum hætti og má nefna að nokkrir Færeyingar hafa stofnað og rekið þjónustufyrirtæki á Íslandi. Þá má nefna samstarf og sameiginlega hagsmuni Íslendinga og Færeyinga sem felast m.a. í vöruflutningum á sjó (Eimskip/Faroe ship, Samskip og Smyril Line), flugsamgöngum (Atlantic Airways/Icelandair), fjarskiptabjónustu, bankastarfsemi, tryggingastarfsemi og eldsneytissölu (Skeljungur/Magn). Heldur hafa samskiptin vaxið á 21. öldinni og ber þar hæst undirritun og lögfesting Hoyvíkursamningsins í ágúst árið 2005, en einnig hefur orðið til samstarf á fjölmörgum sviðum svo sem í heilbrigðisþjónustu og á sviði menningar og íþróttar svo dæmi séu tekin.

Í tengslum við gerð Hoyvíkursamningsins opnaði Ísland aðalræðisskrifstofu í Þórshöfn og Færeyjar opnuðu sendistofu í Reykjavík. Þessar sendiskrifstofur gegna mikilvægu hlutverki í samstarfi þjóðanna og hafa reynst afar vel til að efla og treysta tengslin á fjölmörgum sviðum.

Sveitarfélög á Íslandi og í Færeyjum hafa átt með sér vinabæjasamstarf. Mismunandi er hvernig virkni þessa samstarfs hefur verið, en skráð eru 15 íslensk sveitarfélög með vinabæi í Færeyjum. M.a. er Þórshöfn vinabær Reykjavíkur og Klaksvík vinabær Kópavogs. Einhver breyting hefur orðið á vinabæjatengslum vegna sameiningar sveitarfélaga í báðum löndum.

Í samantekt sem þessari má ekki láta hjá líða að minnst á þann hlýhug og þá samkennd í verki sem Færeyingar hafa sýnt Íslendingum þegar hamfarir hafa dunið hér á. Þar ber helst að nefna veittan fjárhagslegan stuðning í kjölfar eldgossins í Heimaey árið 1973 og eftir snjóflóðin illvígu á Flateyri og Súðavík árið 1995, sem aflað var með frjálsum framlögum í Færeyjum og var m.a. nýttur til húsaþauka og bygginga leikskóla á Flateyri og Súðavík. Þá er einnig skammt að minnst þess að Færeyjar voru fyrstar til að bregðast við og veita Íslendingum stórt og hagstætt lán, að upphæð 6.1 milljarðs króna á þávirði, í kjölfar efnahagshrunsins árið 2008. Slík samstaða og slíkt örlæti munu seint gleymast úr huga Íslendinga.

Allt frá landnámi norrænna manna á Íslandi og í Færeyjum hefur almenningur litið til skyldleika, vináttu og sameiginlegrar sögu. Með breyttum þjóðfélagsháttum, betri samgöngum, aukinni tækni á sviði samskipta almenning og atvinnulífs eru allar forsendur til aukinnar samvinnu á grundvelli gagnkvæmra hagsmuna og fjölmörgum sviðum mannlífs og atvinnulífs. Breytt heimsmynd og breytt samstarf þjóða í norðurhögum kallar á aukið samstarf í umhverfis- og auðlindamálum svo dæmi séu nefnd. Á grunni sameiginlegrar sögu, frændsemi, sameiginlegra hagsmuna og aldalangrar vináttu eru góðar forsendur fyrir farsælu og auknu samstarfi um ókomna tíð.



Mynd 1: Aðalræðisskrifstofa Íslands í Þórshöfn.

2. Viðskipti

Ísland og Færeyjar hafa lengi haft með sér ýmis konar efnahagssamvinnu, en sögulega séð hefur það fyrst og fremst verið á sviði fiskveiða. Árið 1992 gerðu Ísland og Færeyjar fríverslunarsamning sem eingöngu tók til vöruviðskipta. Hoyvíkursamningurinn svonefndur tók við af þeim samningi, en viðræðum um hann lauk 31. ágúst 2005 og tók hann gildi 1. nóvember 2006. Með samningnum er komið á fót sameiginlegu efnahagssvæði á yfirráðasvæðum Íslands og Færeyja. Mörg ákvæði Hoyvíkursamningsins eiga sér beina fyrirmynd í EES-samningnum og er hann víðtækasti viðskiptasamningur sem Ísland hefur gert og sá fyrsti sinnar tegundar sem Færeyjar gera við annað land.

Hoyvíkursamningurinn tekur til vöruviðskipta, þjónustuviðskipta, frjálsrar farar fólks og búseturéttar, fjármagnsflutninga og fjárfestinga, samkeppni, ríkisaðstoðar og opinberra innkaupa. Inntak samningsins er gagnkvæmni. Mælir samningurinn fyrir um bann við mismunun á grundvelli ríkisfangs, staðfestustaðar eða upprunastaðar vöru innan efnislegs gildissviðs hans. Þannig skulu Íslendingar og íslensk fyrirtæki njóta sömu réttinda í Færeyjum og Færeyingar og gagnkvæmt. Í samningnum er kveðið á um fulla fríverslun með landbúnaðarvörur og hefur Ísland ekki áður samið um slíkt.

2.1 Vöruviðskipti


Viðskipti landanna geta ekki talist mikil þegar litið er á tölur um inn- og útflutning og þær bornar saman við heildarviðskiptin við útlönd. Færeyski útflutningsmarkaðurinn nemur um einum af hundraði af heildarútflutningi Íslands og innflutningurinn sömuleiðis innan við einum af hundraði. Þetta segir þó alls ekki alla söguna, því að baki þessum viðskiptum standa í mörgum tilvikum lítil og meðalstór fyrirtæki.

Færeyjar skipa sérstakan sess sem markaður fyrir útfluttar neytendaafurðir og ýmsan iðnaðarvarning. Sem dæmi má nefna að Færeyjar hafa um langa hríð verið mikilvægur markaður fyrir íslenskt lambakjöt, en einnig eru fluttar út unnar kjötvörur, mjólkurafurðir, tilbúnar fiskafurðir og umbúðir fyrir sjávarútvegsfyrirtæki. Athyglisvert er að áhugi er á að auka útflutning á hvers kyns fersku grænmeti til Færeyja sem ætti að vera hagkvæmt í ljósi fjölbreyttrar framleiðslu á Íslandi og hagstæðum flutningatíma til Færeyja. Vegna nálægðar Færeyja og Íslands og vegna þess hversu líkur færeyski neytendamarkaðurinn er þeim íslenska, er á vissan hátt hægt að segja að hann sé framhald af heimamarkaði íslenskra fyrirtækja. Útflutningur Færeyinga til Íslands hefur verið nokkuð sveiflukennður í gegnum árin.



Mynd 2: Frá höfninni í Þórshöfn.

Viðskipti landanna á grundvelli samningsins hafa aukist ár frá ári, bæði varðandi vörur og þjónustu eins og sjá má á meðfylgjandi gögnum. Árið 2020 nam heildarvöruinnflutningur frá Færeyjum til Íslands um 3,2 milljörðum króna og útflutningur frá Íslandi til Færeyja nam um 7,6 milljörðum króna.



Mynd 3: Vöruviðskipti Íslands og Færeyja 1990-2020 (Hagstofa Íslands).

Í töflu eitt eru tilgreindir helstu vöruflokkar útflutnings frá Íslandi til Færeyja. Eins og sést er útflutningur sjávarafurða lang veigamestur og nemur ríflega 70% af heildarviðskiptum með vörur. Þá er útflutningur sauðfjárafurða til Færeyja verulegur eða yfir 300 milljónir króna árið 2020 sem er um 20% af heildarverðmæti útflutningsins. Færeyjar eru þá næststærsti erlendi markaðurinn fyrir íslenskar sauðfjárafurðir á eftir Bretlandi þangað sem útflutningurinn nam á sama ári 584 milljónum.

Tafla 1 Helstu útflutningsvörur Íslands til Færeyja 2020

Vara	Verð í m.kr.
Síld	1.032,3
Loðna	947,7
Makrill	873,9
Lax	742,3
Aðrar iðnaðarvörur	619,9
Annar eldisfiskur	595,5
Kolmunnir	391,5
Jarðolíur og olíuvörur	383,9
Afurðir sauðfjár	306,7
Steinull	250,4
Aðrar vörur	139,2
Þorskur	130,5
Vörur til fiskveiða ót.a.	115,2
Önnur matvara	104,4
Aðrar landbúnaðarvörur	96,7

Hagstofa Íslands

Í töflu tvö má sjá helstu vörur sem fluttar voru frá Færeyjum til Íslands árið 2020. Langstærstur hluti innflutnings eru sjávarafurðir, annars vegar fóður fyrir eldisfisk og hins vegar fiskur til bræðslu. Þá var umtalsvert flutt inn af frystri rækju eða fyrir um 240 milljónir króna (fiskur og unnið fiskmeti). Þá keyptu íslensk skip eldsneyti og olíur fyrir 223 milljónir króna. Aðrar afurðir eru fluttar frá Færeyjum til Íslands í mun minna mæli, en þó mætti minnast á að Ísland er vaxandi markaður fyrir færeyskan bjór og sterkt áfengi sem flutt er hingað í nokkrum mæli.

Tafla 2 Helstu innflutningsvörur Íslands frá Færeyjum 2020

Vara	Verð í m.kr.
Skepufóður, nema ómalað korn	1.203,6
Óunnar efnivörur dýra-/jurtakyns	1.037,7
Fiskur og unnið fiskmeti	440,3
Jarðolía og -afurðir og skyld efni	223,3
Unnar málmvörur ót.a.	78
Vélar til sérstakra atvinnugreina	66,6
Drykkjarvörur	35,2
Vélbúnaður til atv.rekstrar ót.a.	20,3
Ýmsar iðnaðarvörur, ót.a.	19,2
Rokgjarnar olíur, hreinl.vörur o.fl.	17,3
Húshlutar, pípu.efni, ljósabúnaður	13,6
Rafm.- og rafeindabún., rafm.tæki	12,1
Aflvélar og tilheyrandi búnaður	11,2
Unnar gúmmívörur ót.a.	10,2
Spunagarn, vefnaður o.þ.h. ót.a.	9,6

Hagstofa Íslands

Til að setja tvíhliðaviðskiptin í samhengi er gagnlegt að setja fram tölur um heildarutanríkisviðskipti landanna. Í töflu þrjú hér að neðan má sjá heildarvöruviðskipti Íslands við útlönd árin 2019 og 2020 í milljörðum króna. Til samanburðar má sjá sambærilega töflu fyrir vöruviðskipti Færeyja við útlönd í milljörðum króna.

Tafla 3 Heildarvöruviðskipti Íslands við útlönd 2019 og 2020 (m.kr.)

	2019	2020
Útflutningur	642	621
Innflutningur	812	772

Hagstofa Íslands

Tafla 4 Heildarvöruviðskipti Færeyja við útlönd 2019 og 2020 (m.kr.)

	2019	2020
Útflutningur	189	166
Innflutningur	162	161

Hagstofa Færeyja


Af ofangreindum gögnum má sjá að árið 2020 var útflutningur Íslands til Færeyja um 1,2% af heildarútflutningi Íslands og innflutningur frá Færeyjum til Íslands um 0,4% af heildarvöruinnflutningi.

Þá var innflutningur frá Íslandi til Færeyja árið 2020 um 5% af heildarvöruinnflutningi Færeyja og útflutningur til Íslands er um 1,9% af heildarútflutningi Færeyja.

2.2 Þjónustuviðskipti

Ólíkt vöruviðskiptunum, þá er viðskiptajöfnuður við kaup á þjónustu frá Færeyjum umtalsvert í hag. Þessi þjónusta virðist skv. gögnum, (sjá töflur 5 og 6) mest megnis vera veitt í tengslum við sjávarútveg og flutninga, eða um 90% hennar í Færeyjum og 60% hennar á Íslandi. Önnur þjónustuviðskipti eru því nokkuð takmörkuð og full ástæða til að ætla að þar séu vaxtarmöguleikar í viðskiptum milli landanna.

Á mynd fjögur sést að frá árinu 2009 hefur útflutt þjónusta frá Íslandi til Færeyja haldist nokkuð stöðug milli ára. Sé hins vegar litið til þeirrar þjónustu sem flutt er út frá Færeyjum til Íslands þá er þar umtalsverður vöxtur á sama tímabili eða um þreföldun í verðgildi.



Mynd 4: Þróun þjónustuviðskipta við Færeyjar 2009-2019 (Hagstofa Íslands).

Sem dæmi um stór þjónustuviðskipti má nefna að kælismiðjan Frost og Rafeyri á Akureyri og Skaginn 3X á Akranesi framleiddu allan búnað í eitt stærsta uppsjávarhús í heimi, Varðin Pelagic, á Þvereyri á Suðurey í Færeyjum. Þá er stór hluti tækjabúnaðar í hinni gríðarstóru verksmiðju Bakkafrosts á Glyvrum frá Marel og Skaganum 3X.

Þá starfa nokkur íslensk þjónustufyrirtæki í Færeyjum. Til dæmis olíudreifingarfyrirtækið Magn, dótturfyrirtæki Skeljungs, og símafyrirtækið Hey, dótturfyrirtæki Vodafone á Íslandi. Bæði Eimskip og Samskip starfa í Færeyjum. Færeyjar veita erlendum fyrirtækjum skattafríðindi sem skrá flutningaskip sín í Færeyjum og íslensk skipafélög skrá skip í Færeyjum gegn því að fá hluta skatta endurgreidda sem leggjast á áhöfnina.

Tafla 5 Útflutningur þjónustu eftir þjónustuflokkum

m.kr.	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019
Heildarþjónusta	2339.9	2585.8	2305.2	2129.8	2720.2	2001.5	2496.2
3. Samgöngur og flutningar	931	1305.8	1053.4	961.2	1068.3	1027.7	1515.4
3.1. Sjóflutningar	574.4	956.6	736	624.3	806	725.8	884.8
3.2. Flugsamgöngur	82.8	97.2	101.4	137.4	59.4	77.6	108.9
3.3. Aðrar samgöngur	273.8	251.8	215.9	199.6	202.8	224.3	521.8
3.4. Póst- og hraðboðþjónusta	0	0.2	0.1	0	0.1	0	0
4. Ferðalög	44.5	23.7	26.7	52.7	76.4	63.1	36.1
8. Gjöld fyrir notkun hugverka ót.a.	1	2.3	4.1	5.1	6.1	6.6	10.1
9. Fjarskipta-, tölvu- og upplýsingaþjónusta	856.5	591	719.6	642.4	530.9	621.4	629.2
9.1. Fjarskiptaþjónusta	733.5	521.3	648.2	601	494.2	566.4	577.9
9.2. Tölvuþjónusta	40.9	69.7	71.4	41.4	36.7	36.4	44.7
9.3. Upplýsingaþjónusta	82.1	0	0	0	0	18.5	6.6
10. Önnur viðskiptaþjónusta	293	232.2	175.6	285.1	595.9	50.4	38.4
10.1. Rannsókn- og þróunarþjónusta	0	0	0	65.3	300.4	21.7	2.5
10.2. Sérfræði-, stjórnunar- og ráðgjafaþjónusta	8.2	8.5	42.4	22.4	4.1	4	15.8
10.3. Tækniþjónusta og önnur viðskiptaþjónusta	284.8	223.7	133.2	197.5	291.4	24.7	20
11. Menningar, afþreyingar og persónuleg þjónusta	81.2	106.3	46.3	56.8	42.9	21.6	143.4
12. Opinber þjónusta ót.a.	1.9	0	0	0	0	0	0

Hagstofa Íslands

Tafla 6 Innflutningur þjónustu eftir þjónustuflokkum

m.kr.	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019
Heildarþjónusta	2864.5	3315.5	5450.7	4745.7	4623.7	7906.6	6875.3
3. Samgöngur og flutningar	2136.8	2575.9	4679.5	3999.7	3766.3	7128.2	6192.4
3.1. Sjóflutningar	1989.8	1969.6	4349.1	3779.9	3614.6	6982.9	5997.9
3.2. Flugsamgöngur	84.6	535.5	272.5	158.6	97.3	88.6	96.3
3.3. Aðrar samgöngur	59.5	68.7	56.3	60.4	52.1	55.7	94.7
3.4. Póst- og hraðboðþjónusta	2.8	2.1	1.5	0.9	2.4	1	3.4
4. Ferðalög	229.1	234.7	233.5	282.7	337.9	419.9	438.3
8. Gjöld fyrir notkun hugverka ót.a.	0.6	0.2	0.7	0.5	3.4	3.7	12
9. Fjarskipta-, tölvu- og upplýsingaþjónusta	103.3	98.7	115.9	80.4	87.6	95.4	97.3
9.1. Fjarskiptaþjónusta	103.1	98.5	115.8	80.3	87.6	95.3	96.1
9.2. Tölvuþjónusta	0.1	0	0	0	0	0.1	1.1
9.3. Upplýsingaþjónusta	0.1	0.2	0.1	0.1	0	0	0.1
10. Önnur viðskiptaþjónusta	288.3	320.5	359.5	326	294.7	108.2	52.1
10.1. Rannsókn- og þróunarþjónusta	14.9	16.9	28.7	11.1	23.1	18.4	18.9
10.2. Sérfræði-, stjórnunar- og ráðgjafaþjónusta	3.6	1.8	2.6	0.7	3.8	1.1	21.3
10.3. Tækniþjónusta og önnur viðskiptaþjónusta	269.7	301.8	328.2	314.2	267.8	88.7	11.9
11. Menningar, afþreyingar og persónuleg þjónusta	0	9.8	7.5	3.6	2.2	9.3	4
12. Opinber þjónusta ót.a.	30.8	35.2	25.2	26.2	21.9	25.8	22.8

Hagstofa Íslands

Líkt og varðandi vöruviðskipti er gagnlegt að setja þjónustuviðskipti milli landanna í samhengi við heildarþjónustuviðskipti við útlönd. Í töflum sjö og átta má sjá tölfræði um þessi viðskipti fyrir bæði Færeyjar og Ísland.

Tafla 7 Heildarþjónustuviðskipti Íslands við útlönd (m.kr.)

	2019	2020
Útflutningur	697	374
Innflutningur	437	301

Hagstofa Íslands

Tafla 8 Heildarþjónustuviðskipti Færeyja við útlönd (m.kr.)

	2019
Útflutningur	44,5
Innflutningur	53

Hagstofa Færeyja

Hér sést að þjónustuútflutningur frá Íslandi til Færeyja árið 2019 nam um 0,4% af heildarútflutningi Íslands en er þó um 5% af heildarinnflutningi Færeyja á þjónustu. Þá er útflutningur á þjónustu frá Færeyjum til Íslands um 15% af heildarútflutningi en einungis 1,6% af heildarinnflutningi þjónustu til Íslands. Það er því ljóst að Ísland er mikilvægur kaupandi þjónustu frá Færeyjum og þjónustuviðskiptin umtalsvert verðmætari en vöruviðskipti.

2.3 Fjárfestingar og fjármögnun

Umsvif íslenskra fyrirtækja í Færeyjum hafa farið vaxandi undanfarin ár, þótt nákvæmar tölur um fjárfestingar liggja ekki fyrir. Nefna má nokkur þekkt dæmi, t.a.m. keypti Eimskip skipafélagið Faroe Ship árið 2004, Skeljungur eignaðist dótturfyrirtækið Magn árið 2014 og Hampiðjan keypti félagið Vónin árið 2016 sem er stórt og öflugt félag í framleiðslu og sölu á veiðarfærum.

Samherji hefur tengst sjávarútvegi í Færeyjum frá árinu 1994 þegar útgerðarfyrirtækið Framherji aps. var stofnað í félagi við Færeyinga. Samherji tengist einnig með eignarhaldi frysti- og kæligeymslunni Bergfrost í Fuglafirði frá árinu 2003. Samherji hefur lagt áherslu á uppbyggingu fyrirtækisins í Færeyjum.

Íslensku bankarnir hafa verið mjög virkir í fjármögnun með Arion banka fremstan í flokki og þá hefur Landsbankinn einnig verið í einhverjum verkefnum í Færeyjum. Mest hefur þetta verið tengt sjávarútvegi og tengdum félögum, olíufélögum, í smásölu, en einnig í afgangsstarfsemi (e. offshore).

Samkvæmt upplýsingum frá utanríkisráðuneyti Færeyja eru mjög fáar takmarkanir á atvinnustarfsemi erlendra fyrirtækja í Færeyjum. Þær eru í útgerð, laxeldi í sjó, olíuvinnslu og tryggingastarfsemi. Hoyvíkursamningurinn undanskilur útgerð og olíuvinnslu, þ.e. hann heimilar að Færeyjar haldi takmörkunum á starfsemi erlendra aðila á þessum sviðum. Hoyvíkursamningurinn veitir því íslenskum fyrirtækjum m.a. ávinning á sviði laxeldis í sjó og tryggingastarfsemi, miðað við orðalag samningsins.

Almennt hefur rekstur Hoyvíkursamningsins gengið vel og hefur ýtt undir samskipti stjórnvalda. Í lok árs 2018 hljóp nokkur snuðra á þráðinn. Þá samþykkti Lögþing Færeyja að segja samningnum upp m.a. vegna þess að lög

sem bönnuðu erlent eignarhald færeyskra sjávarútvegsfyrirtækja voru samþykkt, en slík takmörkun samrýmist ekki samningnum. Þá taldi hluti Lögbingsins að heldur hallaði á færeyska hagsmuni á nokkrum sviðum m.a. varðandi landbúnaðarvörur.

Þetta var íslenskum stjórnvöldum mikið áhyggjuefni og var róið að því öllum árum að leita lausna með færeyskum stjórnvöldum. Ný stjórn tók við völdum í Færeyjum 2019 og til allra heilla náðu utanríkisráðherra Íslands og færeyskur starfsbróðir hans saman um að það væri báðum samningsaðilum hagstæðara að halda samningnum og var uppsögn hans endurkölluð í árslok 2019.

2.4 Færeysk – íslenska viðskiptaráðið

Færeysk - íslenska viðskiptaráðið var stofnað í Þórshöfn árið 2012. Viðskiptaráð Íslands, Faxaflóahafnir og Samtök iðnaðarins (Hús vinnulífsins) í Færeyjum stóðu að stofnun Fæls og tilgangur þess var m.a. eftirfarandi:

- Að efla viðskiptatengsl milli Færeyja og Íslands á öllum sviðum hvort sem er á sviðum verslunar, þjónustu, fjárfestinga eða öðrum sviðum.
- Að fjalla á opinberum vettvangi um hagsmunamál viðskipta milli Færeyja og Íslands. Að efla viðskipti og efnahagssamvinnu Íslands og Færeyja og leitast við að starfa með þeim félögum á Íslandi og í Færeyjum, sem vinna að hliðstæðum verkefnum.
- Að skapa félögum sínum tækifæri til að kynna starfsemi sína formlega og óformlega.
- Að standa fyrir fræðslufundum og ráðstefnum og veita upplýsingar um atvinnulíf, fjárfestingarmöguleika og viðskiptamöguleika í Færeyjum og á Íslandi.
- Að aðstoða og auðvelda aðilum sínum að ná tengslum og styrkja viðskiptasambönd.
- Að efla og styrkja tengslanet fyrirtækja, stofnana og einstaklinga.
- Að vera hlekkur í keðju millilandaviðskiptaráða sem styður við alþjóðavæðingu atvinnulífsins.
- Að vera vettvangur fyrir samskipti við hið opinbera m.a. um hagsmunamál í viðskiptum Færeyja og Íslands.
- Að standa vörð um viðskiptatengda hagsmuni félaga sinna gagnvart færeyskum og íslenskum yfirvöldum.

Starfsemi ráðsins hefur að mestu snúist um málefni sem varða Hoyvíkursamninginn en einnig hefur ráðið unnið að miðlun upplýsinga og samskiptum við aðalræðisskrifstofu Íslands í Færeyjum og sendistofu Færeyja á Íslandi. Félagar á Íslandi hafa verið um 30 en í Færeyjum um 25 fyrirtæki. Fyrirtæki, einstaklingar og stofnanir, lítil eða stór, geta gerst félagar í Fæls. Unnið hefur verið að því að efla verslunarráðið í báðum löndum og styrkja

verkefni þess á sem flestum sviðum, gera starf ráðsins sýnilegra og fjölga virkum aðilum í starfsemi þess.

2.5 Samantekt

Viðskipti milli Íslands og Færeyja með vörur og þjónustu eru nokkur, en þó lítil sé horft til heildarútflutnings frá löndunum tveimur. Undantekning frá þessu eru þó þjónustuviðskipti milli landanna þar sem útflutningur á þjónustu frá Færeyjum til Íslands nemur um 15% af heildarútflutningi. Frá gildistöku Hoyvíkursamningsins hafa viðskipti aukist jafnt og þétt og sýnir það hversu miklu máli slíkir viðskiptasamningar skipta. Það er mikilvægt að rekstur Hoyvíkursamningsins og samskipti stjórnvalda á grunni hans haldist stöðug og í jafnvægi. Enn fremur mætti líta til þess hvort ástæða sé til að uppfæra samninginn að hluta eða heild þó ekki bendi aukning viðskipta til þess að sú þörf sé brýn. Enn fremur ættu stjórnvöld landanna að halda áfram að leita leiða til að greiða úr mögulegum hindrunum á viðskiptum, eins og breyting á lyfjalögum á Íslandi er gott dæmi um.

Þá stendur það einnig uppá stjórnvöld að kynna með öflugum hætti þau tækifæri sem falist geta í viðskiptum milli landanna og hvetja fyrirtæki og aðra aðila á markaði til að líta gjarnan fyrst til nærmarkaðar í nágrennalandinu þegar horft er út fyrir landsteinana til viðskipta eða fjárfestinga. Viðskipti snúast um meira en að vara skipti um hendur eða þjónusta sé veitt. Farsæl viðskipti byggja upp traust, sameiginlegan skilning og geta hnýtt vinabönd sem teygja sig út fyrir heim viðskiptanna. Það er því til mikils að vinna að viðskiptin verði eflað með markvissum aðgerðum.

2.6 Tillögur

Viðskiptastefna

Á kaupstefnum gefst aðilum viðskiptalífsins tækifæri til að kynna vörur sínar og þjónustu fyrir hugsanlegum viðskiptavinum á persónulegri hátt en annars. Þrátt fyrir nálægð Íslands og Færeyja eru viðskipti milli landanna tiltölulega lítil. Vert er að leita leiða til að auka þau og útvíkka til fleiri sviða en nú er. Lagt er til að Íslandsstofa leiti eftir samstarfi við systurstofu sína í Færeyjum við að skipuleggja kaupstefnu sem farið gæti fram í hvoru landanna sem er og halda mætti með reglulegum hætti.

Formfesting samstarfs við Fæís

Virkt tvíhliða verslunarráð getur haft mikil áhrif til eflingar viðskipta milli landa. Færeysk - íslenska viðskiptaráðið (Fæís) hefur á starfstíma sínum skipt verulegu máli í því skyni. Til þess að nýta enn frekar þennan vettvang og stuðla að upplýsingaflæði milli stjórnvalda, sem m.a. bera ábyrgð á rekstri Hoyvíkursamningsins, er lagt til að formfest verði samstarf milli viðskiptaskrifstofu utanríkisráðuneytisins og Fæís með reglulegum fundum.

Viðskiptasendinefndir

Skipulagning markvissra viðskiptasendinefnda milli landa hefur í gegnum árin reynst íslenskum fyrirtækjum vel til að afla sér viðskiptatengsla á erlendum mörkuðum. Íslandsstofa hefur haft veg og vanda af skipulagningu slíkra ferða gjarnan í samstarfi við sendiskrifstofu Íslands í viðkomandi landi sé því til að dreifa. Lagt er til að Íslandsstofa í samstarfi við aðalræðisskrifstofu Íslands í Þórshöfn skipuleggi för viðskiptasendinefndar til Færeyja hið fyrsta.

3. Samgöngur

Samgöngunet Íslands á sjó og í lofti er öflugt og þjóðinni gríðarlega mikilvægt. Það net tengir Ísland víða um heim og tryggir flutninga með vörur og farþega. Netið tengist Færeyjum í sjóflutningum, en flutninganet Færeyinga tengist Íslandi með farþegaflutningum á sjó og lofti, og vöruflutningum á sjó. Það er því af sem áður var þegar sömu vandræði steðjuðu að Íslendingum og Færeyingum allt frá landnámi, þ.e. að siglingar milli landa voru stopulár. Báðar þjóðirnar voru því háðar siglingum erlendra þjóða til landanna um alda skeið, sem hafði mikil áhrif á þróun stjórnarfars og þróun samfélaganna.

Það er ekki fyrr en á 19. öld sem Færeyingar reyndu að taka málin í eigin hendur en fyrr eru nefndar tilraunir Nólsoyjar Páls að hefja siglingar frá Færeyjum til annarra landa. Það er ekki fyrr en í lok 19. aldar sem fiskiskipastóll Íslendinga og Færeyinga fer vaxandi og í raun ekki fyrr en í byrjun 20. aldar sem vélknúnir togarar gera siglingar milli landanna auðveldari. Með stofnun skipafélaga á árunum 1914 til 1920 hefjast vöruflutningar á sjó í löndunum með tilkomu skipafélaga í eigu Íslendinga og Færeyinga. Þróunin síðustu ár hefur verið jákvæð með auknum siglingum og bættum flugsamgöngum. Flutninganet Íslendinga á sjó og í lofti er mjög umfangsmikið og í því fólgin veruleg þjóðhagsleg verðmæti þar sem tækifæri til viðskipta, menningar og annarrar starfsemi fylgja hverri viðkomustöð skipa og flugvéla.



Mynd 5: Nærumhverfi Íslands og Færeyja.

3.1 Sjóflutningar

Samgöngur milli Íslands og Færeyja hafa frá öndverðu verið sjóleiðina ýmist með fiskiskipum og strandferðaskipum. Fyrir árið 1914 voru siglingar í höndum danskra skipafélaga svo sem Det forenede Damskip Selskap (DFDS). Árið 1914 er Eimskipafélag Íslands stofnað en í Færeyjum var Faroe Ship stofnað árið 1919. Með þessum félögum var lagður grunnurinn að reglubundnum flutningum til og frá löndunum og hófust þá reglubundnar siglingar flutningaskipa í eigu aðila á Íslandi og í Færeyjum. Eimskip hóf vikulegar siglingar til Færeyja árið 1989 en fram að þeim tíma höfðu Norðurlandaskip félagsins siglt þangað hálfsmánaðarlega. Ákveðið var að leggja meiri áherslu á Færeyjar og í framhaldi stofnaði Eimskip skrifstofu í Færeyjum í desember 1990. Árið 2004 keypti Eimskipafélagið færeyska skipafélagið Faroe Ship. Eimskip á og leigir 15 flutningaskip, sem annast flutninga milli landa í Evrópu og til Bandaríkjanna.

Skipadeild Sambandsins og síðar Samskip sigldu með viðkomu í Færeyjum um langa hríð en frá árinu 2003 hefur félagið haldið uppi fastri áætlun frá Íslandi um Færeyjar og til Evrópuhafna. Millilandaskip félagsins koma við í Færeyjum tvisvar í viku, með aðra viðkomuna frá Íslandi til þess að taka útflutning frá Færeyjum, en í síðari ferðinni frá Evrópuhöfnum með innflutningsvöru. Félagið rekur vöruhús, frystigeymslur og gá mavöll í Færeyjum, en nýlega flutti félagið viðlegu sína frá Kollafirði (Þórshöfn) í Rúnavík. Móðurfélag Samskipa – Samskip bv. er með söluskrifstofur í 35 löndum og flytur um 850.000 TEU á ýmsum flutningaleiðum félagsins í Evrópu.

Árið 1982 var Smyril Line stofnað sem hefur frá þeim tíma annast fólks- og vöruflutninga milli Íslands og Færeyja. Viðkomustaður Smyril Line á Íslandi hefur frá upphafi verið á Seyðisfirði en frá árinu 2017 hefur félagið einnig siglt til Þorlákshafnar með vöruflutningaskipum. Smyril Line er með vikulegar ferðir bæði til Seyðisfjarðar og Þorlákshafnar.

Skipastóll félaganna sem sinnt hafa flutningum milli Íslands, Færeyja, Evrópulanda og Bandaríkjanna hefur vaxið á síðustu árum. Með samstarfi Eimskipa og Royal Arctic Line má segja að brotið hafi verið blað með nýjum siglingaleiðum og þjónustu. Helstu stærðir skipa sem sigla á milli landa eru:

- **Eimskip** 354 – 2.150 TEU gámaskip
- **Samskip** 800 – 900 TEU gámaskip sem sigla til og frá Íslandi
- **Smyril Line** 300 TEU skip (roro-skip – fimm flutningaskip á tveimur áætlunarferðum frá Íslandi og Norræna)
- **Royal Arctic Line** 400 – 2.150 TEU gámaskip

Flutningsgeta félaganna hefur aukist allnokkuð síðustu ár, skipin stækkað og flutninganetið vaxið, sem aftur hefur þýtt að nýir viðlegukantar hafa verið byggðir í Þórshöfn, Reykjavík og í Nuuk í Grænlandi. Stærstu hafnirnar í löndunum eru í höfuðborgunum, Reykjavík og Þórshöfn og flutningamagn um þessar hafnir í eðlilegu árferði árið 2019 var eftirfarandi:

Tafla 9 Flutningamagn um hafnirnar í Þórshöfn og Reykjavík

	TEU	Tonn
Þórshöfn	Ekki talið	0,9 millj. tonn
Faxaflóahafnir	330.292	3,8 millj. tonn

Auk þeirra skipafélaga sem sinna reglubundnum siglingum til og frá Íslandi og Færeyjum eru allmörg leiguskip (ýmist heilfarmaskip og frystiskip) ýmissa fyrirtækja (t.d., Nesskip og skipafélögin Wilson og Cargow).

Sem fyrr segir er flutninganet íslensku skipafélaganna víðtækt og mikil verðmæti fólgin í því neti. Siglingatíðni er í hverri viku, sem kemur útflutningi Íslands og Færeyja til góða, en einnig Grænlandi þar sem Royal Arctic Line hefur fært aðstöðu sína frá Álaborg til Árósa og á í samstarfi og samkeppni við

Eimskip. Aðgangur þjóðanna þriggja að erlendum mörkuðum hefur því styrkst verulega sem felur í sér verðmæti fyrir útflutningsgreinar landanna.

3.2 Flugsamgöngur

Reglubundnar flugsamgöngur milli Íslands og Færeyja hófust 23. júlí árið 1963 en það var í höndum Flugfélags Íslands sem notaði fyrst um sinn leiguflugvél til verkefnisins. Atlantic Airways var stofnað árið 1988 og að stórum hluta í eigu landsstjórnarinnar í Færeyjum. Fljótlega eftir stofnun Atlantic Airways hófst samstarf félaganna á þessari flugleið en félögin hafa allt frá stofnun Atlantic Airways haft samstarf um þjónustu og sölu ferða. Frá því árið 1995 hefur Atlantic Airways annast flug á milli landanna, fyrst beint til Reykjavíkur, en árið 2018 hefur verið flogið til Keflavíkur. Flugtími milli Íslands og Færeyja er 1 klst. og 15 mín. og ferðatíðni hefur að jafnaði verið tvær ferðir í viku yfir vetrartímam en þrjár ferðir á viku að sumri til. Heildarfarþega fjöldi milli Íslands og Færeyja (báðar leiðir) var ríflega 22.000 árið 2019.

3.3 Þróun siglinga og nýtingu auðlinda á norðurslóðum

Tengt samgöngum milli Íslands, Færeyja og Grænlands er þróun siglinga á norðurslóðum. Margt bendir til þess að efnahagssumsvif á norðurslóðum muni aukast verulega á næstu árum, sem falið getur í sér margvísleg viðskipta- og atvinnutækifæri. Samhliða því mun áhersla á verkefni tengd umhverfismálum á hafinu aukast. Samstaða var árið 2011 um þingsályktun um megin stefnu Íslands í málefnum norðurslóða en þar eru sett skýr markmið í 12 tölulíðum þar sem m.a. er kveðið á um að styrkja stöðu Íslands sem strandríkis, að styrkja og auka samstarf við Færeyjar og Grænland með það fyrir augum að efla hag og pólitískt vægi landanna þriggja.

Undanfarin ár hafa Lagastofnun og hagfræðideild Háskóla Íslands hafið rannsóknir sem beinast að lögfræðilegum og hagfræðilegum álitafnum tengdum siglingaleiðum og flutningaþjónustu. Þar hafa rannsóknir þessara aðila beinst m.a. að alþjóðlegum flutningum á hafinu, íslenskum reglum um flutninga á norðurslóðum og aðgang að höfnum, sköttum, gjöldum og ríkisstyrkjum, álitafni gagnvart Evrópurétti, eftirliti og öryggismálum og umhverfisrétti, áhættumati varðandi mengun, hagfræðilegri greiningu og efnahagslegum áhrifum aukinna flutninga. Þau sem hafa unnið að þessum verkefnum innan Háskóla Íslands hafa áhuga á að koma á fót verkefnum sem snerta brýn álitamál um málefni norðurslóða. Þrátt fyrir mikilvægi málsins, sem þróast hratt, hefur umfjöllun um lagalega- hagfræðilega- og umhverfisþætti verið takmörkuð. Því blasir við mikilvægi samstarfs við Grænland og Færeyjar á sviði rannsókna og stefnumótunar til framtíðar um málefni sem varða beint löndin þrjú.

3.4 Samantekt

Öflugar og reglubundnar siglingar og flug til fjölbreyttra áfangastaða opna á tækifæri í viðskiptum og ferðum fólks á milli staða. Þróunin síðustu ár hefur tryggt öflugar flutningaleiðir sem einkum hefur komið atvinnulífinu að góðum notum. Fjöldi flugfarþega milli Íslands og Færeyja hefur breyst lítið á milli ára og því spurning hvernig megi örva þróun í þeim efnum.

3.5 Tillögur

Aukin tíðni flugs

Einungis fáar flugferðir á viku tengja saman Ísland og Færeyjar og einungis einn flugrekandi sinnir þeim allt árið um kring. Aukin tíðni flugferða myndi hafa jákvæð áhrif á samskipti landanna, á sviði ferðaþjónustu, vöruflutninga og almennra samskipta einstaklinga og fyrirtækja. Lagt er til að stjórnvöld beiti sér fyrir gerð fýsileikakönnunar á auknum flugsamgöngum milli Íslands og Færeyja í samstarfi við þau flugfélög sem nú sinna flugi á milli landanna. Þá verði einnig haft í huga hvort forsendur væru fyrir flugi á aðra flugvelli á Íslandi, s.s. til Akureyrar eða Egilsstaða.

Auknar farþegasiglingar

Farþegaflutningar á sjó með Norrænu skapa jákvæða ferjutengingu við Ísland um Seyðisfjörð með áfangastöðum í Þórshöfn og Hirtshals í Danmörku. Ekki er ferjutenging að svo komnu máli við hafnir á suðvestanverðu landinu. Slík tenging gæti styrkt enn frekar reglubundnar farþegasiglingar á sjó og aukið ferðamannastraum milli landanna. Lagt er til að gerð verði fýsileikakönnun á mögulegum farþegasiglingum milli Færeyja og hafna á suðvesturhorni Íslands.

Samtenging flutningaleiða fyrir ferskvöru

Ferskar afurðir eru vaxandi hluti í útflutningi sjávarafurða beggja landa. Til að útflutningur á ferskvöru geti vaxið og þar með aukið verðmætasköpun eru greiðar flutningsleiðir til erlendra markaða lykilatríði, hvort sem með flugi eða sjófragt. Þá gefur ný tækni við kælingu enn fleiri möguleika en áður varðandi útflutning á ferskum fiski, unnum eða óunnum. Lagt er til að stjórnvöld hafi frumkvæði að því að þau fyrirtæki sem stunda flutninga í lofti og á legi og útflytjendur komi saman með aðkomu stjórnvalda til að greina með hvaða hætti sé hægt að þetta samtengingu flutningskerfa og ryðja úr vegi hindrunum fyrir slíku séu þær til staðar.

Siglingar, umhverfismál og auðlindir

Unnið verði að samkomulagi milli Íslands, Færeyja og Grænlands um hagfræðilegar og lögfræðilegar rannsóknir á hagsmunum landanna varðandi þróun siglinga, umhverfismála og fleira á norðurslóðum.

4. Sjávarútvegur

Sögulega séð hafa mestu samskipti Íslands og Færeyja hverfst í kringum sjávarútveg. Árið 1976 veitti Ísland Færeyjum einhliða fiskveiðiheimildir eftir útfærslu fiskveiðilögsögunnar í 200 mílur til að veiða allt að 17 þús. tonn af botnfiski í lögsögu Íslands (þorsk, ýsu, o.fl.). Árið 1991 var Færeyjum veitt frekari heimild til að veiða allt að 30 þús. tonn af loðnu við Ísland, sem var til komin vegna efnahagskreppu í Færeyjum á þeim tíma. Frá sama tíma fékk Ísland aðgang að færeyskri lögsögu, aðallega til veiða á kolmunna, en úr eigin kvóta.

Fiskveiðisamningar milli Íslands og Færeyja hafa verið gerðir árlega og lagðir fyrir Alþingi til samþykktar. Undanfarin ár hafa Færeyjar fengið að veiða 5.600 tonn af botnfiski og 25-30 þús. tonn af loðnu. Þjóðirnar hafa síðan árlega samþykkt gagnkvæmar veiðiheimildir til veiða á síld og kolmunna í lögsögum hvor annarrar.

Færeyingar hafa um áratuga skeið fengið tilslakanir frá Íslandi, t.d. varðandi magn kvótanna, skiptingu tegunda eða löndunartímabil. Þetta breyttist í desember 2017 eftir samþykki fiskveiðifrumvarpsins, en þá samþykkti Alþingi þingsályktun sem lokaði á loðnuveiðar Færeyinga á Íslandsmiðum 2018 nema samkomulag næðist um aðgang íslenskra skipa til kolmunnaveiða í færeyskri lögsögu 2018. Færeyingar mótmæltu þessu, töldu þetta ólöglegt, en samningar tókust þó í lok janúar 2018 um veiðar fyrir það ár.

Allt fram á áttunda áratug 20. aldar byggðist sjávarútvegur á Íslandi og í Færeyjum á bolfiskveiðum og síldveiðum. Upp úr því urðu veiðar fjölbreyttari þegar farið var að veiða loðnu og síðar makríl og kolmunna.

Útfærsla fiskveiðilandhelgi Íslendinga árið 1972 í 50 sjómílur og árið 1975 í 200 mílur hafði víðtæk alþjóðleg áhrif þ.m.t. á veiðar Færeyinga. Útfærsla landhelgi Færeyinga árið 1977 hafði einnig áhrif á veiðar Íslendinga í færeyskri landhelgi.

Gildandi fiskveiðisamningur var gerður 3. nóvember 2020 og felur hann í sér eftirfarandi réttindi beggja aðila.

Tafla 10 Fiskveiðisamningur Íslands og Færeyja frá 3. nóvember 2020

	Heimildir Færeyinga	Heimildir Íslendinga
Loðna	30.000 tonn m.v 500.000 tonna heildarkvóta.	
Loðna	10.000 tonn vegna samninga Færeyinga og Grænlandinga.	
Kolmunni	Samkvæmt samkomulagi	15 skip samtímis
Norsk-ísl. síld	Samkvæmt samkomulagi	15 skip samtímis
Makrill		1.300 tonn
Botnfiskur	5.600 tonn (hámark á þorski 2.400 tonn, keilu 400 tonn)	

Um nokkurt skeið hefur verið rætt um gerð rammasamnings til lengri tíma, sem komi í stað hinna árlegu samningagerðar, þar sem hægt væri að breyta ýmsum atriðum, svo sem kvótum og aðgangi, miðað við aðstæður á hverjum tíma. Þetta myndi einfalda og straumlínulaga samstarf þjóðanna á þessu sviði til muna og setja þessum mikilvægu samskiptum formfastari ramma.

4.1 Fiskeldi

Laxeldi hófst í Færeyjum laust fyrir árið 1980 og var þá alinn fiskur á landi en eftir 1980 í sjókvíum. Nú er eingöngu eldi á Atlantshafslaxi í sjókvíum. Á árum áður voru á sjötta tug fyrirtækja í sjókvíaeldi en eftir miklar sameiningar fyrirtækja og endurfjármögnun þá eru nú starfandi þrjú laxeldisfyrirtæki, Bakkafröst, Hiddenfjord og Mowi. Yfir 90% af vöruútflutningi Færeyja eru sjávarafurðir og útflutningur á laxi um helmingur þess. Framleiðsla Færeyinga á laxi hefur aukist stórum á síðustu árum. Laust fyrir aldamót var framleiðslan um 15.000 tonn og fór mest í 86.000 tonn árið 2014 en árið 2019 var framleiðslan 78.000 tonn.

Í Færeyjum eru leyfi til laxeldis gefin út af Matvælastofnun Færeyja og Umhvervis- og vinnumálaráðinu. Leyfin gilda í 12 ár með möguleika á 12 ára framlengingu. Greiða þarf 12.000 danskar krónur árlega en mánaðarlega þarf að greiða gjald fyrir hvert framleitt kíló og fer gjaldið eftir framleiðslumagni og markaðsverði fyrir slægðan lax hverju sinni.

Upphaf laxeldis á Íslandi má rekja til eldisstöðvar Skúla Pálssonar sem reisti árið 1951 eldisstöð í Laxalóni. Nokkrir aðilar gerðu tilraunir á næstu áratugum til fiskeldis en á níunda áratug síðustu aldar fjölgaði eldisstöðvum nokkuð. Reksturinn gekk þó illa og framleiðslan um 3 – 4000 tonn í laxi og regnbogasilungi. Upp úr aldamótum reyndu útgerðarfyrirtæki á Austurlandi að koma af stað fiskeldi en gekk illa. Frá árinu 2010 hófu Arnarlax og Fjarðalax sjókvíaeldi og sameinuðust seinna undir nafni Arnarlax.

Árið 2019 voru 50 eldisstöðvar í rekstri á Íslandi og þar af fjórar með lax í sjókvíum en starfsmannafjöldi í greininni er áætlaður tæplega 500 manns. Heildarframleiðsla á eldisfiski árið 2020 var um 40.600 tonn og þar af er framleiðsla á laxi ríflega 34.000 tonn. Þá hefur fiskeldi á landi verið að aukast en árið 2019 var framleiðsla í landeldi á laxi um 2.100 tonn. Fyrirhugað er að auka eldi á landi m.a. á Suðurnesjum og Suðurlandi.

Forsenda fiskeldis í Færeyjum og á Íslandi er að fyrirtæki sem hyggjast hefja eldi á fiski þurfa til þess leyfi viðkomandi stofnana sem fara með þau mál. Á Íslandi þarf að tilkynna Skipulagsstofnun ef áform eru um eldi á yfir 200 tonnum af fiski á ári. Í framhaldi er tekin ákvörðun um matskyldu verkefnisins,



Mynd 6: Fiskeldiskvíar úti fyrir Suðurey.

en að þeim skilyrðum uppfylltum þarf starfsleyfi frá Umhverfisstofnun og rekstrarleyfi frá Matvælastofnun.

Áhugavert er samstarf íslenskra og færeyskra fyrirtækja um notkun hreinsifiska í laxakvíum sem hefur þróast á síðustu árum en laxalús er stórt vandamál í laxeldi í sjó. Hrognkelsi hefur m.a. verið notað til að vinna gegn lúsinni en það er m.a. valkostur til að draga úr lyfjagjöf og notkun mekanískra og líffræðilegra aðferða.

Það er sameiginlegt með sjókvíaeldi á Íslandi og í Færeyjum að glímt hefur verið við sjúkdóma og fjárhagslegar sveiflur. Leyfismál, eftirlit og rannsóknir eru hins vegar með mismunandi hætti. Í þeim þáttum liggja tækifæri til samstarfs og samvinnu. Einnig er möguleiki á auknu samstarfi um nýsköpun og þróun í fiskeldi, m.a. landeldi og fullvinnslu á fiskeldisafurðum. M.a. er unnið að rannsóknum á möguleikum þess að nýta laxaroð með svipuðum hætti og þorskroð en fyrirtækið Kerecis á Íslandi hefur framleitt heilsutengdar vörur úr fiskroði, m.a. umbúðir og plástra til að græða þrálát eða stór sár.

4.2 Samstarf stofnana

Tvíhliðasamstarf á sviði veiðieftirlits, björgunar á hafi og hafrannsóknna er umtalsvert og hefur staðið lengi. Hafrannsóknarstofnun á í umtalsverðu samstarfi við Havstovuna, systurstofnun sína í Færeyjum, sem byggir þó ekki á formlegum samningum eða samstarfsyfirlýsingum. Samstarfið beinist einkum að stóru flökkustofnunum þremur, norsk-íslenskri síld, kolmunna og makríl. Þetta samstarf er annars vegar á grundvelli Alþjóðahafrannsóknaráðsins eða í þríhliða samstarfi Íslands, Færeyja og Noregs. Mikilvægasti hluti samstarfsins er skipulagning og þátttaka í stórum árlegum rannsóknarleiðöngrum sem ná yfir megin útbreiðslusvæði stofnanna. Slíkt samstarf er nauðsynlegt þegar átt er við flökkustofna sem fara um víðfeðm hafsvæði. Samstarfið hefur verið farsælt og ávinningurinn verið mikill sem endurspeglast m.a. í árlegum stofnstærðarmötum og reglulegum skýrslum um ástand vistkerfisins. Þessu til viðbótar eru ýmis stök samstarfsverkefni eða leiðangrar sem farnir eru óreglulega svo sem talningar á hvölum í Norður-Atlantshafi.

Veiðieftirlit Fiskistofu á í talsverðum formlegum og óformlegum samskiptum við færeysku fiskistofuna Vörn. Samskiptin byggja m.a. á tvíhliða samkomulagi milli stofnananna frá árinu 2015. Samskipti veiðieftirlitsins er einkum varðandi eftirlit og eftirlitsaðferðir til lands og sjávar en einnig varðandi upplýsingar um vigtunaraðferðir á sjávaraflla. Þá hafa eftirlitsmenn frá Færeyjum komið í heimsókn til Fiskistofu til að kynna sér eftirlitsstörf og aðferðir. Stefnt er að því að halda samráðsfund Varnar og Fiskistofu á haustmánuðum 2021 til að fara yfir samstarfið, árangurinn og hvað megi betur fara.

Fiskistofa hefur einnig átt í óformlegum samskiptum við Arbeids- og brunaeftirlitið í tengslum við alþjóðlegan vinnuhóp um virkni voga, löggildingu og tengdar reglur. Þá gefur þjónustu- og upplýsingasvið Fiskistofu út veiðileyfi fyrir færeysk fiskiskip í íslenskri lögsögu og óskar eftir veiðileyfum fyrir íslensk

skip í færeyskri lögsögu á grundvelli samninga þar að lútandi. Almennt ríkir ánægja með samstarf Fiskistofu við færeyskar stofnanir og er mikilvægt í störfum stofnunarinnar.

Einnig er samstarf á vettvangi sameiginlegra stofnana, m.a. innan NAFO (Northwest Atlantic Fisheries Organization), sem stofnað var til árið 1979, en NAFO eru fjölþjóðleg samtök um rannsóknir og fiskveiðistjórnun. Þá eru Íslendingar og Færeyingar aðilar að fjölþjóðlegu samstarfi í ICES (The International Council for the Exploration of the Sea) sem sinnir hafrannsóknunum.

Landhelgisgæslan (LHG) á í samstarfi við nokkrar stofnanir í Færeyjum sem tengjast leit og björgun, öryggismálum og löggæslu á hafinu. Einn samstarfssamningur er í gildi milli LHG og færeysku systurstofnunarinnar sem nefnist Vörn (sem jafnframt er fiskistofa Færeyja). Samningurinn formgerir samstarf milli landanna varðandi leit og björgun á hafi. Þá eiga Vörn og LHG samstarf á grundvelli ýmissa alþjóðlegra samninga og samþykktu, s.s. reglum NEAFC, NAFO og ICCAT og varðandi fiskveiðieftirlit. Einnig er í gildi samningur um miðlínu fiskveiðilögsagna landanna sem inniheldur m.a. sameiginlegt nýtingarsvæði sem LHG og Vörn er ætlað að hafa sameiginlegt eftirlit með. Varðandi siglingaöryggi almennt og leit og björgun vegna loftfara starfa stofnanirnar einnig saman samkvæmt alþjóðlegum samþykktum.

4.3 Samantekt

Það skyldi ekki koma á óvart að umtalsvert formlegt og óformlegt samstarf er til staðar milli Íslands og Færeyja á sviði sjávarútvegsmála, þar sem tengsl landanna hafa í gegnum tíðina verið einna mest. Það er þó til umhugsunar hvort ekki megi formgera samskipti landanna á fleiri sviðum en gert hefur verið, í ljósi þess að gríðarlegir hagsmunir tengjast sjávarútvegi og hafsækinni starfsemi fyrir báðar þjóðir. Vissulega er mikilvægt að eiga í traustum óformlegum samskiptum við grannþjóðir, en til lengri tíma er mikilvægt að hafa traustan formlegan grunn.

Enn fremur virðist núverandi samstarf vera nokkuð afmarkað við hefðbundin svið, eins og skilja má, en full ástæða er til að breikka það svo það taki til sviða sem skipta munu miklu máli til framtíðar varðandi nýtingu sjávarafurða og umgengni við þessa undirstöðuauðlind.

Þá er fiskeldi mjög stór atvinnugrein í Færeyjum og standa færeysk fyrirtæki í fremstu röð á heimsvísu. Eldi á fiski hefur vaxið hratt á Íslandi undanfarin ár og stefnir í frekari vöxt með tilheyrandi áskorunum. Samstarf á þessu sviði gæti haft talsverð jákvæð áhrif og skyldi til þess hvatt.

4.4 Tillögur

Rammasamningur um fiskveiðar

Til þessa hafa íslensk og færeysk stjórnvöld samið árlega um aflaheimildir og aðgang að lögsögum landanna. Þetta eru gjarnan tímafrekar viðræður og því

hefur nú um nokkurt skeið verið unnið að gerð rammisamnings sem leysi þetta árlega fyrirkomulag af hólmi. Lagt er til að aukinn kraftur verði lagður í viðræður um samning þennan og honum lokið eigi síðar en fyrir árslok 2021.

Bláa hagkerfið

Upp er runninn sá tími að sjávarútvegsþjóðir geta ekki lengur treyst á hefðbundinn sjávarútveg sem vaxtarbrodd og grundvöll efnahags. Mikilvægi þróunar nýrra vinnsluaðferða, nýtingu nýrra tegunda og efling hafsækinna starfsemi er því meiri nú en fyrr. Lagt er til að atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið leitist eftir því að gera rammisamning við Færeyjar um eflingu bláa hagkerfisins í löndunum báðum þar sem auðsýnt er að hagsmunir þjóðanna fara hér saman að fullu.

Vöktun og hafrannsóknir

Þrátt fyrir að Hafrannsóknarstofnun eigi í talsverðu samstarfi við færeyska aðila á sínu sviði má leiða að því líkur að útvíkkun og frekari formfesting samstarfs gæti verið gagnleg. Ekki síst í ljósi örra breytinga á náttúruferli norðurslóða, hlýnunar hafs og breytinga í göngumynstri flökkustofna, sem hafa bein áhrif á hagsmunum Íslands og Færeyja. Lagt er til að Hafró og Havstovan geri með sér yfirgrípsmikinn samstarfssamning um rannsóknir og fái að borðinu aðrar stofnanir á sviði umhverfisrannsókna teljist þess þörf.

Fiskeldi

Virkt samstarf á sviði fiskeldis, þróunar greinarinnar, vinnslu afurða, rannsókna og sjúkdómavarna gæti reynst heilladrjúgt skref. Fyrirtæki í báðum löndum standa framarlega í vinnslu sinni en ljóst er að gera má betur til að skapa sérstöðu og auka markaðshlut sinn á heimsvísu og verðmæti afurða. Lagt er til að atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið bjóði til samráðs milli samtaka fiskeldisfyrirtækja á Íslandi og í Færeyjum með það að markmiði að formfesta samráð þeirra á milli með þátttöku sjávarútvegsyfirvalda í báðum löndum.

5. Ferðapjónusta

Ísland og Færeyjar hafa haft með sér formlegt samstarf í ferðapjónustu allt frá 1995 og þá undir nafninu FITUR. Samskonar samstarf var einnig haft við Grænlandinga og þá undir nafninu SAMIK. Árið 2007 var ákveðið að sameina þetta samstarf Íslands, Færeyja og Grænlands undir einn hatt. NATA (North Atlantic Tourism Association) er samstarfsvettvangur um þróun ferðapjónustu meðal ríkjanna þriggja. Þetta er virkasta samstarfa Íslands og Færeyja í ferðapjónustu og núverandi samningur um NATA er frá árinu 2011. Meðal annars er kveðið á um NATA sinni:

- gagnkvæmri upplýsingamiðlun um rekstrarforsendur s.s. skatta og gjöld
- kynningu á vestnorræna svæðinu sem áfangastað meðal íbúa samstarfsríkjanna
- samvinnu á sviði umhverfissvottunar, náttúruverndar, þjálfunar og gæðaeftirlits
- sameiginleg markaðssetningarverkefni
- úthlutun fjármuna til verkefna
- framkvæmd og þróun vestnorrænu ferðakaupstefnunnar

Af þessum þáttum er ferðakaupstefnan fyrirferðamest og sá þáttur sem ekki síst Færeyjar og Grænland hafa lagt megináherslu á. Fyrsta kaupstefnan var haldin árið 1986. Hún fer fram annað hvert ár á Íslandi en hitt árið ýmist í Færeyjum eða Grænlandi. Einnig veitir NATA styrki til ferðapjónustufyrirtækja í þessum þremur löndum þar sem lögð er áhersla á þróun og markaðssamstarf í ferðapjónustu. Einnig eru veittir styrkir til menningar- og íþróttasamskipta á milli landanna þriggja en árleg upphæð þeirra er um 40 milljónir króna (um 2 milljónir DKK).

Eftir því sem ferðapjónustan hefur vaxið í Færeyjum hefur áhuginn þar aukist á þróun hennar, ekki eingöngu með áherslu á markaðssetningu. Þannig var bætt við þróunardeild innan Visit Faroe Islands fyrir um fjórum árum og hefur Ferðamálastofa verið þeim innan handar og látið í té efni varðandi þróun ferðapjónustunnar hér á landi. Þá hefur starfsfólk Visit Faroe Islands komið til Íslands í samstarfi við Ferðamálastofu til að kynna sér uppbyggingu ferðapjónustu hér á landi, m.a. vinnu sem tengist gæðum og þróun í ferðapjónustu.

NATA er einnig helsti vettvangur samstarfs Íslandsstofu við Færeyjar, ekki síst varðandi samstarfs við markaðssetningu þessara þriggja landa sem áfangastaða og þá fyrst og fremst í tengslum við ferðakaupstefnuna. Undanfarið ár hefur samstarfið aukist til muna í gegnum markaðshóp þessara þriggja landa þar sem skipulagðir eru sameiginlegir viðburðir og vinnustofur víðsvegar um heiminn. Einnig hafa verið skipulagðar blaðamannaferðir erlendra miðla til landanna þriggja. Þau eru einnig í samstarfi við hin Norðurlöndin um markaðssetningu á fjármörkuðum á “The Nordics”.

Eins og talið var upp hér að ofan er eitt af verkefnum NATA að efla ferðamennsku milli landanna sem að samtökunum koma. Í því samhengi er áhugavert að samkvæmt fyrirbyggjandi tölfræði virðist ekki mikið um gagnkvæmar heimsóknir Íslendinga og Færeyinga. Árið 2019 voru taldir tæplega 4.600 íslenskir ferðamenn í Færeyjum en samsvarandi tölur er erfitt að finna um færeyska ferðamenn á Íslandi. Ein skýring á því er að Færeyingar hafa danskt ríkisfang og eru því skráðir samkvæmt því við komuna til landsins. Að því sögðu bendir allt til þess að ferðamennska milli landanna sé fremur lítil og ætti það að vera forgangsmál stjórnvalda í báðum löndum að breyta því. Það væri efnahagslega jákvætt, myndi auka þekkingu og skilning ferðamanna á sínum nánasta nágretta og efla þannig samstarf landanna.

5.1 Samantekt

Af ofangreindu má ráða að talsverð samvinna og samstarf er milli Íslands og Færeyja á sviði ferðaþjónustu, bæði tvíhliða og á vettvangi NATA. Við upplýsingaöflun kom þó fram að tengslin og samstarfið mættu vera meiri. Sú hafi verið raunin fyrir allnokkrum árum, en tilfærsla á fólki og skipulagsbreytingar hafi haft neikvæð áhrif í þessum efnum. Sé viljinn gagnkvæmur ætti að leggja áherslu á að blása nýju lífi í samstarf viðeigandi aðila við markaðssetningu á löndunum tveimur sem áfangastað fyrir ferðamenn, fyrir fjárfestingu erlendra aðila og til að kynna útflutningsvörur landanna á erlendum mörkuðum.

Þá felast án efa veruleg tækifæri í því að efla tvíhliða ferðamennsku milli landanna með jákvæðum áhrifum fyrir þau bæði.

5.2 Tillögur

Aukið markaðssamstarf á erlendum mörkuðum

Öflugt markaðsstarf er forsenda þess að viðhalda stöðunni sem eftirsóttur áfangastaður ferðamanna. Þegar eru tengingar milli Íslandsstofu og Visit Faroe Islands en ljóst er að öflugt tvíhliðasamstarf um markaðsstarf myndi þjóna markmiðum beggja. Í slíkri sameiginlegri sókn mætti einnig líta til þess að nýta krafta sendiskrifstofa landanna í þeim fjórum borgum þar sem bæði hafa skrifstofur. Lagt er til að Íslandsstofa leitist eftir formlegra samstarfi við Visit Faroe Islands varðandi sameiginlega markaðssetningu á erlendum mörkuðum.

Aukið tvíhliða markaðssamstarf

Ferðamannastraumur á milli Íslands og Færeyja er ekki mikill og talsverð tækifæri því fólgin í að kynna löndin sem áfangastað fyrir íbúum landanna. Samvinna um slíkt markaðsstarf er líkleg til að skila árangri. Lagt er til að sendiskrifstofa Íslands í Þórshöfn leiti samvinnu við sendiskrifstofu Færeyja í Reykjavík um hvernig best sé að ráðast í slíkt markaðsstarf í samstarfi við ferðamálastofur landanna.

6. Heilbrigðismál

Samstarf stjórnvalda um heilbrigðismál er í nokkuð föstum skorðum og byggir það á samstarfssamningi milli Íslands, Færeyja og Grænlands sem heilbrigðisráðherrarnir undirrituðu í Reykjavík 10. júní 2014. Gert er ráð fyrir árlegum fundum ráðherranna. Fundarefni er af ýmsum toga. Má þar m.a. nefna þjónustu við fólk sem glímir við geðrænan vanda, forvarnir gegn fíkniefnanotkun, mönnunarvanda o.fl. Þessa fundi sitja einnig fulltrúar Landspítala (LSH) og Sjúkrahúsins á Akureyri. Samstarfið hefur einnig snúist um bráðþjónustu og tengsl Landspítala við Landssjúkrahúsið í Þórshöfn. Það samstarf hefur eflst með hverju ári og hafa heilbrigðisstarfsmenn skipst á gagnlegum heimsóknum. Þá hafa verið góð tengsl milli starfsmanna heilbrigðisyfirvalda í báðum löndum. Óformlegar viðræður fara fram milli ráðuneytanna eftir atvikum og ekki hafa komið upp neinar formlegar hindranir á að þjóna færeyskum sjúklingum ef ósk hefur komið um að veita þeim heilbrigðisþjónustu.

Í Færeyjum eru þrjú sjúkrahús, Landssjúkrahúsið, Sjúkrahúsið í Klaksvík og Sjúkrahúsið á Suðurey. Landssjúkrahúsið er stærst þessara eininga með um 700 stöðugildi (850 starfsmenn) en hin tvö með á bilinu 110-124 stöður. Landssjúkrahúsið er einnig kennslu- og rannsóknarsjúkrahús og á í góðu norrænu samstarfi. Árið 2018 voru þau felld undir eina yfirstjórn til þess að auka samvinnu og jákvæð samlegðaráhrif. Þrátt fyrir að veita mjög víðtæka lækniþjónustu gerir smæð og skortur á sérhæfðu starfsfólki það að verkum að ekki er hægt að veita alla nauðsynlega þjónustu í Færeyjum. Það á ekki síst við um flóknari hjarta- og tauagaaðgerðir og brunaskaða. Í slíkum tilfellum eru sjúklingar oftast sendir til Danmerkur eða til Íslands á Landspítalann. Þá eru til staðar samningar við flugfélög um sjúkraflutninga sem og við Landhelgisgæslu Íslands.

Í gildi er samningur milli LSH og færeysku sjúkrahúsanna um sjúkrahúsþjónustu. Samningurinn er frá 2014 og gildir í 12 mánuði, en framlengist sjálfkrafa um eitt ár í senn sé honum ekki sagt upp með þriggja mánaða fyrirvara. Um er að ræða samstarfssamning en klíníska þjónustan miðast við að Landspítali taki við sjúklingum frá Færeyjum sem er vísað þangað af umsjónarlækni á viðkomandi stöðum og heyra undir samninginn. Um er að ræða rammasamning um valkvæða þjónustu og eru engar sérstakar takmarkanir á því hvaða þjónustu er hægt að fella þar undir. Þó getur Landspítali vísað frá sér verkefnum, t.d. vegna skorts á fagfólki eða annarra



Mynd 7: Frá undirritun samsstarfssamnings Íslands, Færeyja og Grænlands um heilbrigðismál.

hindrana. Vert er að geta þess að Landssjúkrahúsið í Færeyjum greiðir LSH fyrir þær meðferðir sem hér fara fram.

Árlega hafa allt að 70 sjúklingar verið sendir til Íslands í ýmsar meðferðir og lækningar. Starfsmenn sjúkrahúsanna hafa lagt vinnu í að taka á móti þeim hér og á vefsíðu LSH er til að mynda hægt að velja færeysku sem tungumál, sem ætti að auðvelda Færeyingum að leggjast þangað inn. Skortur á sjúkrahótelum á Íslandi hamlaði nokkuð því að sjúklingar væru sendir frá Færeyjum til meðferðar hér. Nú þegar nýtt sjúkrahótel hefur verið tekið í notkun við LSH er sá flöskuháls ekki lengur fyrir hendi. Standi vilji til að fjölga komum færeyskra sjúklinga til Íslands til meðferðar er einnig mikilvægt að tryggja að til staðar sé heilbrigðisstarfsfólk sem kann bæði tungumálin til að aðstoða sjúklinga eftir þörfum. Á tímum COVID-19 faraldursins lágu flugsamgöngur milli landana niðri og því ekki hægt að senda mikið veika einstaklinga hingað til meðferðar. Flug er þó hafið á nýjan leik og því ætti þessi vandi að vera úr sögunni.

Þá hafa lækningar og annað íslenskt starfsfólk unnið á Landssjúkrahúsinu í Þórshöfn og fengið þar greidd laun. Um tíma hafði einnig íslenskur tannlæknir reglubundna viðveru á Landssjúkrahúsinu til að sinna fólki með sérþarfir. Þessar tengingar eru nú minni en áður.

6.1 Nám og þjálfun á heilbrigðisviði

Í Færeyjum er hægt að læra hjúkrunarfræði, þ.e. 4 ára B.Sc. nám (sjúkraröktarfröði). Einnig er þar í boði sjúkraliðanám (heilsuröktari) og fleira. Ekki er boðið upp á læknisfræði né tannlæknisfræði þar heldur þurfa Færeyingar að fara til Danmerkur eða annarra landa til að nema þau fög. Í Færeyjum er hægt að taka M.Sc. í heilbrigðisvísindum.

Á Íslandi er boðið uppá hjúkrunarfræðinám við tvo háskóla, bæði við Háskóla Íslands og við Háskólann á Akureyri. Aðstæður hjúkrunarfræðinga eru um margt líkar á Íslandi og í Færeyjum, ekki síst ef horft er til dreifðari byggða Íslands. Fjölbreytt reynsla er í þessu fagi sem flestum öðrum til þess fallin að auka vísýni og færni sérfræðinga, m.a. með því að kynnast fjölbreyttara starfsumhverfi. Með því að bjóða upp á gagnkvæman starfsmaskipti milli Íslands og Færeyja mætti hvort tveggja í senn bæta við nýrri vídd í nám beggja háskólanna og byggja faglegar og persónulegar brýr til framtíðar. Slíkt myndi nýtast öllum, sérfræðingunum sjálfum, skjólstaðingum þeirra og þar með heildarhagsmunum landanna.

Háskólinn á Akureyri og Fróðskaparsetrið eru aðilar að Nordplus samstarfsneti í hjúkrunarfræði sem kallast Nordkvist, ásamt tólf öðrum skólum á Norðurlöndunum. Megininntak samstarfsnetsins er verknámsskipti í hjúkrunarfræði. Til þessa hafa þessar tengingar ekki orðið til þess að stuðla að nemendaskiptum svo neinu nemi. Í ljósi þess að um er að ræða marghliðasamstarf sem ekki hefur aukið flæði nema milli Íslands og Færeyja er talin full ástæða til að kanna möguleika á tvíhliðasamkomulagi milli landanna

tveggja, sem gæfi aukið færi á að leggja áherslu á og hvetja sérstaklega til aukinna vistaskipta milli Íslands og Færeyja.

6.2 Lyfjamál

Framleiðsluapótekið í Þórshöfn framleiðir fjölbreytt úrval lyfja, bæði almenn og sérhæfð til meðhöndlunar sjúklinga s.s. sjóveikilyf og saltvatnslausnir. Litið hefur verið til Íslands sem heppilegs markaðssvæðis fyrir þessi lyf til að renna styrkari stoðum undir framleiðsluna. Viðskipti með lyf eru af ýmsum sökum ekki sambærileg viðskiptum með aðrar vörur, m.a. vegna strangra reglna um skráningu, samþykki, vottun og merkingar.

Stjórnvöld landanna hafa um nokkurt skeið rætt með hvaða hætti megi greiða fyrir innflutningi til Íslands á færeyskum lyfjum. Í því skyni hefur verið komið á samstarfi milli Lyfjastofnunar Íslands og Apoteksverksins í Færeyjum og er LSH hluti af þessu samtali. Þá var lyfjalöggjöf á Íslandi breytt um síðastliðin áramót í sama tilgangi. Til að koma samstarfi um lyfjamál í fastan farveg væri heppilegt ef Lyfjastofnun og Apoteksverkið gerðu með sér samstarfssamning sem bæði auki samstarf í lyfjamálum og leiði til þess að aukinn innflutningur lyfja til Íslands frá Færeyjum verði að veruleika.

6.3 Önnur heilbrigðisþjónusta

Í mörg ár hefur fólk í Færeyjum getað fengið meðferð við ófrjósemi hjá íslensku fyrirtæki. Þetta var áður fyrr hjá ArtMedica en er nú hjá Livio sem tók við af ArtMedica.

Einnig hafa margir Færeyingar farið í augnaðgerðir hér á landi í gegnum tíðina. Ekki er um formlegt samstarf að ræða heldur einstaklinga sem kjósa að kaupa þessa þjónustu á Íslandi.

Þar til nýlega var einnig samstarf við einkastofu á Íslandi á sviði brjóstakrabbameinsmeðferðar og eftirfylgni á grundvelli samstarfssamnings. Þegar færeysk heilbrigðisyfirvöld endurskoðuðu fyrirkomulag þessara lækninga varð ekki framhald á þessu samstarfi þótt áhugi hafi verið fyrir hendi á Íslandi.

Leiða má að því líkum að talsverðir möguleikar geti falist í því fyrir íslensk fyrirtæki á heilbrigðissviðinu að kynna þjónustu sína fyrir Færeyingum, bæði einstaklingum og yfirvöldum. Í því gæti einnig falist talsvert hagræði fyrir þá Færeyinga sem þurfa að leita sér meðferðar að koma til Íslands fremur en t.d. til Danmerkur, ekki síst í ljósi nálægðar landanna. Hér er því málefnasvið sem vert er að kanna frekar.

6.4 Tillögur

Samstarfssamningur milli lyfjastofnana

Lyfjastofnun Íslands og Apoteksverkið í Færeyjum hafa átt í viðræðum um gerð samstarfssamnings sem miðar að eflingu samstarfs beggja embætta, auknum upplýsingaskiptum og samráði. Hvatt er til þess að samstarfssamningur þessi

verði eins umfangsmikill og embættin telji vænlegt og að honum verði lokið hið fyrsta.

Starfsnám í hjúkrunarfræðum

Lagt er til að HÍ og HA leitist eftir því að koma á laggirnar tvíhliðasamstarfi við Fróðskaparsetrið um vistaskipti nema í starfsnámi í hjúkrunarfræði, í því formi sem best hentar öllum og leiti til þess stuðnings viðeigandi stjórnvalda.

Efling samstarfs utan sjúkrahúsa

Í gildi er almennur samningur milli LSH og Heilsumálaráðs Færeyja um heilbrigðisþjónustu. Það virðist hins vegar sem svo að samstarf hafi dregist saman á öðrum sviðum, t.d. á sviði lækninga eða meðferða utan sjúkrahúsa. Lagt er til að heilbrigðisráðuneytið taki höndum saman með heilbrigðisyfirvöldum í Færeyjum og geri úttekt á því á hvaða sviðum og með hvaða hætti megi auka nýtingu Færeyinga á heilbrigðisþjónustu utan sjúkrahúsa á Íslandi.

7. Menntamál, rannsóknir og nýsköpun

Uppbygging menntakerfa Íslands og Færeyja er með talsvert svipuðum hætti, hvað varðar grunnskóla, framhaldsskóla, verknámsskóla og háskóla. Helsti munurinn felst þó að öllum líkindum í því námsframboði sem til staðar er þegar grunnskóla sleppir.

Í Færeyjum eru starfandi fimm menntaskólar, tveir verknámsskólar og einn háskóli – Fróðskaparsetur Færeyja. Menntaskóla- og verknám á framhaldsskólastigi stunda nú um 2.000 nemendur. Fróðskaparsetrið var stofnað árið 1965 undir heitinu Academia Færoensis en hlaut ekki formlega viðurkenningu sem háskóli fyrr en 1990. Nú eru þar um 1.000 nemendur og þeir geta valið um 24 námsleiðir á grunn- og framhaldsstigi.

Í færeyskum framhaldsskólum er hægt að sækja fjölbreytta menntun, bæði bóknám og verknám. Að auki eru tveir verknámsskólar sem hægt er að innritast í án framhaldsskólaprófs, en með reynslu úr atvinnulífinu til grundvallar. Þetta eru Heilsuskólinn (Heilsuskúlin) og Sjómannaskólinn (Sjónám).

Til samanburðar eru starfandi 38 skólar á framhaldsskólastigi á Íslandi, sem bjóða uppá nokkuð víðtækari námsmöguleika og árið 2020 voru skráðir 22.644 nemendur í íslenskum framhaldsskólum. Þá eru á Íslandi sjö háskólar, fjórir sem bjóða uppá víðtækt hefðbundið háskólanám og þrír sem eru sérhæfðari, landbúnaðarháskólarnir tveir og Listaháskóli Íslands. Háskólarnir eru miðstöðvar þekkingar og rannsókna og hluti af alþjóðlegu mennta- og vísindasamfélagi.

Þá má geta þess að opinberu háskólarnir á Íslandi eiga með sér formlegt samstarf sem komið var á laggirnar árið 2010. Markmið þess er í fyrsta lagi efling íslenskra háskóla, kennslu og rannsókna, í öðru lagi aukin hagkvæmni í rekstri háskóla og í þriðja lagi að tryggja háskólastarfsemi víða á landinu. Því má velta upp hvort að þessi vettvangur gæti með einhverjum hætti nýst til að efla samband háskólanna á Íslandi við Fróðskaparsetrið.

Háskólar á Íslandi eru allir aðilar að gæðaráði íslenskra háskóla sem var komið á laggirnar árið 2006. Það ber ábyrgð á eftirliti með gæðum kennslu og rannsókna við íslenska háskóla. Hlutverk gæðaráðs er að móta aðferðafræði fyrir ytra gæðamat sem felst meðal annars í að móta staðla fyrir gæðakerfi og að endurskoða viðmið fyrir umsóknir um viðurkenningu. Ráðið skrifar handbók með leiðbeiningum fyrir innra- og ytra gæðaeftirlit, til notkunar fyrir háskóla og matsnefndir. Það gerir einnig tillögu til ráðherra um þriggja ára áætlun um ytra gæðaeftirlit með kennslu og rannsóknum. Þetta fyrirkomulag hefur gefist vel við uppbyggingu hágæða háskólanáms á Íslandi og áhugi er á því meðal yfirstjórnar Fróðskaparsetursins að kanna samstarf á þessum vettvangi.

7.1 Samstarf á framhaldsskólastigi

Svo vitað sé er ekki til staðar formlegt tvíhliðasamstarf milli íslenskra og færeyskra skóla á framhaldsskólastigi, þó ekki sé hægt að útiloka að samstarf hafi átt sér stað fyrir tilstilli einstakra skóla eða kennara með óformlegri hætti.

Umtalsverður hluti starfsnáms í Færeyjum er nátengt hefðbundnum grundvallaratvinnuvegum Íslands og Færeyja og í ljósi landfræðilegra skyldleika landanna mætti ímynda sér að nokkur akkur gæti verið í frekara samstarfi á þessu skólastigi. Ekki síst þegar námið er á sviðum þar sem bæði lönd skera sig nokkuð frá öðrum nágrönnum, svo sem í sjávarútvegi og landbúnaði.

Sem dæmi mætti taka að aðstæður til landbúnaðar eru mun líkari á Íslandi og í Færeyjum en t.d. hinum Norðurlöndunum. Það má því ætla að það væru kostir fólgnir í því að efla samvinnu við t.d. búfræðináms, jarðrækt og hugsanlega garðyrkjustörf. Slík samvinna gæti einnig leitt til frekari samvinnu við rannsóknir og nýsköpun á þessum sviðum sem yrði báðum þjóðum til framdráttar.

Þrátt fyrir að ekki sé vitað um tvíhliðasamstarf Íslands og Færeyja á framhaldsskólastigi, er vert að gera grein fyrir Norður-Atlantshafsbeknum og velta fyrir sér hvort þróa mætti tvíhliða samstarfshugmyndir á þeim grunni. Norður-Atlantshafsbekkurinn (Nord-Atlantisk gymnasiumklasse), NGK, er nýjung fyrir ungmenni á Íslandi, Færeyjum, Grænlandi og í Danmörku, sem hafa áhuga á að mennta sig á Norður-Atlantshafssvæðinu. Verkefninu var komið á laggirnar árið 2018, en fyrsti bekkurinn leit ljós 2019. Nemendur mynda bekk sem á þremur árum fær bæði faglegt og menningarlegt framlag frá fjórum löndum. Að auki fá þeir aðgang að einstakri námsbraut sem inniheldur meðal annars líftækni, stærðfræði og norðurskautstækni. Eitt af markmiðum verkefnisins er að ungmenni á þessu svæði kynnist hvert öðru og myndi tengsl þvert á löndin. Við lok námsins hljóta nemendur danskt stúdentspróf af náttúrufræðibraut. Verslunarskóli Íslands er þátttakandi í verkefninu, einn íslenskra framhaldsskóla, og á bilinu 2-6 nemendur eru í hverjum þeirra þriggja árganga sem nú eru í náminu.

7.2 Samstarf á háskólastigi

Á háskólastiginu eru til staðar bæði formlegar og óformlegar tengingar íslensku háskólanna og Fróðskaparsetursins, bæði hvað varðar menntun og rannsóknir. Til að mynda eru allir íslensku háskólarnir, auk Háskólaseturs Vestfjarða aðilar að Háskóla norðurlönda og þar er Fróðskaparsetrið fulltrúi Færeyja.

7.2.1 Háskóli Íslands og Fróðskaparsetrið

Frá árinu 2009 hefur verið í gildi samstarfssamningur milli Háskóla Íslands (HÍ) og Fróðskaparsetursins. Tvívegis hefur viðaukum verið bætt við samninginn til að framlengja hann og skjóta sterkari stoðum undir tengsl stofnananna og landanna tveggja, staðfesta vilja þeirra til aukins samstarfs og breikka það svið sem það nær til. Þá eru í samningnum ákvæði um almennt vísindasamstarf án þess að afmörkuð séu tiltekin verkefni.

Þá ber að nefna að frá árinu 1990 hefur verið starfandi innan Háskóla Íslands svokölluð Færeyjanefnd sem hefur m.a. það hlutverk að efla rannsóknarsamstarf HÍ og Fróðskaparsetursins í Færeyjum. Rannsóknasamstarf HÍ og Fróðskaparseturs Færeyja á þessum grunni byggist að miklu leyti á ráðstefnuröð sem nefnist Frændafundur. Þetta heiti var valið sem mögulegt orð bæði á íslensku og færeysku en einnig til að leggja áherslu á þau sérstöku tengsl sem eru milli Íslendinga og Færeyinga.

Frá fyrsta Frændafundi 1992 hefur þessi ráðstefna verið haldin á þriggja ára fresti, alls tíu sinnum í Færeyjum og á Íslandi. Frá og með Frændafundi 11 (árið 2022) verður ráðstefnan haldin á tveggja ára fresti. Stefnt er að því að ráðstefnan endurspegli sem best þær fjölbreytilegu rannsóknir sem eru stundaðar á ólíkum fræðasviðum í Háskóla Íslands og á Fróðskaparsetrinu. Á Frændafundum koma saman fræðimenn frá báðum löndum, miðla af reynslu sinni og þekkingu og efla tengsl við starfsbræður og -systur. Af ýmsum ástæðum hefur megináherslan verið á sviði hugvísinda, ekki síst málvísinda, heimspeki og lista.

Aukið rannsóknasamstarf milli Íslands og Færeyja er mikilvægt fyrir bæði löndin. Frá íslenskum sjónarhól er mjög margt áhugavert við Færeyjar, hvort sem horft er á náttúru landsins, samfélagið, sögu og menningu eða tungumálið. Það er ekki síst vegna þess að það er margt sameiginlegt með löndunum tveimur en líka ýmislegt sem skilur á milli.

Hér er því einstaklega gott dæmi um ríflega þriggja áratuga, formgert og farsælt samstarf milli Íslands og Færeyja á sviði rannsókna á háskólastigi sem mikilvægt er fyrir báðar þjóðir að viðhaldist, vaxi og dafni. Full ástæða er til að leita leiða til þess að kynna starfið betur fyrir almenningi og vísindasamfélaginu öllu bæði á Íslandi og í Færeyjum. Nýta mætti þau tengsl sem þegar hafa skapast á þessum vettvangi til að útvíkka samstarfið til annarra sviða, svo sem nýsköpunar og þróunar.

Leiða má að því líkum að hægt væri að nýta þann vettvang sem nefndin skapar til að dýpka og virkja betur rammasamning HÍ og Fróðskaparsetursins og veita nefndinni formlegt hlutverk innan háskólasamfélagsins alls á Íslandi til að efla og treysta samstarf við Fróðskaparsetrið þar sem það þykir fýsilegt og báðum aðilum til gagns.

7.2.2 Háskólinn í Reykjavík og Bifröst

Til að sýna þakklæti fyrir þann stuðning og þá samkennd sem stjórnvöld í Færeyjum og færeyskur almenningur sýndu íslensku þjóðinni í efnahagshruninu árið 2008 buðu Háskólinn í Reykjavík og Háskólinn á Bifröst tveimur færeyskum námsmönnum niðurfellingu skólagjalda vegna náms við skólann. Allar götur síðan hafa 1-2 nemendur frá Færeyjum stundað nám við HR á þessum forsendum árlega. Hér er um að ræða mikilvægt framlag til eflingar tengsla milli Íslands og Færeyja og sýnir frændskap í verki sem vonandi verður framhald á.

Samkvæmt upplýsingum frá Háskólanum á Akureyri (HA) eru nokkrir snertifletir við Fróðskaparsetrið en ekki formlegt tvíhliðasamstarf. Samstarfið er meðal annars á grundvelli Nordplus verkefna og NUSCT (Network of Universities of Small Countries and Territories) sem vinnur að auknu samstarfi milli háskóla smáríkja. Innan þessa ramma er m.a. gæðaráð sem báðir skólar eiga aðild að.

7.2.3 Aðrir háskólar

Við eftirgrennslan fengust þær upplýsingar frá öðrum háskólum að ekki væri um virkt tvíhliðasamstarf við Fróðskaparsetrið að ræða. Í einhverjum tilfellum hafði verið samstarf um einstök verkefni, gjarnan í norrænu eða vest-norrænu samhengi með aðkomu fleiri aðila. Hins vegar kom einnig fram skýr vilji til þess að efla og auka samstarf við Færeyjar og stuðningur við að leita leiða til þess.

7.3 Rannsóknir og nýsköpun

Á ýmsum sviðum má gera ráð fyrir því að færeyskir og íslenskir rannsakendur og frumkvöðlar ættu að vera náttúrlegir samherjar. Líkindi á ýmsum sviðum, svo sem náttúru- og veðurfars, nýting sjávarafurða, mannfæð og fleira ættu að ýta undir samstarf milli landanna. Sú hefur einnig orðið raunin að undanfögnu. Til að mynda er að finna í gagnagrunnum Rannís sextán verkefni, styrkt af rannsóknar- og nýsköpunaráætlun ESB, þar sem eru bæði færeyskir og íslenskir þátttakendur. Þegar þessi verkefni eru skoðuð sést vel að þau eru langflest á því sviði sem tengir þjóðirnar hvað mest, þ.e. nýtingu afurða sjávar í sínum fjölbreyttu myndum. Sem dæmi má taka verkefni á sviði sjálfbærra fiskveiða, markaðssetningar sjávarfangs og nýtingu nýrra afurða s.s. þörunga og þara.

Nýsköpun og þróun eru ekki síst mikilvægar sjávarútvegsþjóðum eins og Færeyjum og Íslandi. Til framtíðar má reikna með að ekki verði veruleg aukning í aflaheimildum, en aukin áhersla lögð á aukin verðmæti og fullnýtingu þess afla sem veiddur verður auk nýtinga afurða sem til þessa hafa lítt eða ekki verið nýtt. Afleidd framleiðsla, þróun og nýsköpun hefur verið að aukast m.a. í ýmis konar heilsu- og lækningarvörum. Samstarf Íslands og Færeyja á þessu sviði er því áhugavert og er í raun þegar hafið.

Árið 2011 var Íslenski sjávarklasinn stofnaður. Þar er samfélag um sjötíu fyrirtækja og frumkvöðla í hafsækinni starfsemi. Á miðju ári 2020 var Færeyski sjávarklasinn stofnaður m.a. í samstarfi við Íslenska sjávarklasann. Í samningum aðila er kveðið á um fyrirhugað samstarf klasanna og aukið samstarf á öllum sviðum sem við koma „bláa hagkerfinu“. Báðir klasarnir hafa innan sinna raða öflug sjávarútvegsfyrirtæki, rannsóknaraðila og þjónustuaðila, en áhugi á starfsemi er mikil og eftirspurn eftir aðstöðu góð.

Talsverð þróun hefur átt sér stað á Íslandi og í Færeyjum varðandi nýtingu þara og framleiðslu smáþörunga. Á Íslandi munu vera a.m.k. fimmtán fyrirtæki sem koma að rannsóknum, nýtingu og framleiðslu á þessu sviði og nokkur í Færeyjum, en umfangsmikil þararækt í sjónum undan Færeyjum hefur vakið mikla alþjóðlega athygli. Þarinn er seldur til matvæla- og fódurframleiðslu en

ræktun þarans bætir vistfræðilegt ástand hafsins. Fyrirtækið Ocean Rainforrest í Færeyjum hefur vakið mikla athygli en fyrirtækið hefur framleitt þara til matvæla- og fóðurframleiðslu en einnig má nota hann til að gera jarðefnalausar umbúðir. Á Íslandi er t.d. unnið að þróun á umbúðum úr þara og einnig sæmeti úr þörungum. Nokkur fyrirtæki á Íslandi hafa verið að framleiða þörunga m.a. til notkunar sem uppistaða í heilsubótar- og snyrtivörum.

Þess er vert að geta að á umliðnum árum hefur Nýsköpunarmiðstöð Íslands (NMÍ) átt í töluverðu samstarfi við Færeyjar og starfað með Vinnumálaráði Færeyja. Upphaf þessa má rekja til heimsóknar starfsmanna NMÍ og samstarfsfólks frá Vestmannaeyjum til Færeyja til að kynna varmadæluverkefni. Í kjölfarið sóttu Færeyingar Vestmannaeyjar heim og kynntu sér m.a. svonefndar Fab Lab smiðjur. Nú hafa verið stofnaðar tvær Fab Lab smiðjur í Færeyjum að íslenski fyrirmynd, í Kambsdal og Vágum. Verkefnisstjóri Fab Lab Vestmannaeyja aðstoðaði við uppsetningu, undirbúning og þjálfun auk þess að kynna starfsemina víðar í Færeyjum.

Smiðjurnar eru í virku samstarfi í gegnum net norrænu Fab Lab smiðjanna, þar sem fram fer virk þekkingarmiðlun og hittast fulltrúar smiðjanna í gegnum fjarfundabúnað a.m.k. tvisvar í mánuði og einu sinni á ári á vinnustofum.

Tækifæri til þróunar á hefðbundnum vettvangi og nýjum sviðum eru fjölmörg og vaxandi. Það er jákvætt að tekist hefur samstarf milli íslenskra og færeyskra frumkvöðla og mikilvægt að tryggja áframhald slíkrar samvinnu til framdráttar fyrir báðar þjóðir.

7.4 Samantekt

Það eru ýmsir farvegir fyrir samskipti íslenskra háskóla við Fróðskaparsetrið, þeir eru misjafnlega formlegir og taka á sig mismunandi útlit, en allir eiga það sameiginlegt að bjóða uppá vaxtarmöguleika til framtíðar. Augljóst er af samskiptum við íslensku háskólana að þar ríkir mikill vilji til frekara samstarfs við Færeyjar og Fróðskaparsetrið. Vissulega eru enn um sinn takmarkaður mannaflí við Fróðskaparsetrið sem getur sinnt samstarfi við systurskólana sjö á Íslandi – en þar sem er vilji þar er vegur og sníða má samstarfið þannig að öllum henti jafnt.

Á sviði nýsköpunar og rannsókna hefur verið nokkuð samstarf á umliðnum árum, bæði formlegt og óformlegt, ekki síst á þeim sviðum sem helst tengja þjóðirnar saman. Ýmsir aðilar beggja megin ála hafa áhuga og getu til frekara samstarfs sem fleytt geta báðum þjóðum saman til sjálfbærari framtíðar og mikilvægt að veita þeim þann stuðning sem til þarf.

Við nemendaskipti, lengri námsdvöl, samstarf fræði- og vísindamanna og sameiginleg rannsóknarverkefni skapast varanleg tengsl milli einstaklinga. Námsmenn sem farið hafa til dvala erlendis bera gjarnan hlýjar taugar til gistiríkisins og viðhalda þeim margir hverjir ævilangt. Segja má að með auknum hreyfanleika milli Íslands og Færeyja meðal námsmanna, kennara og

rannsakenda sé lagður grunnur að sameiginlegum hópi tvíhliða sendiherra – sem sinna hlutverki sínu að eigin frumkvæði og á eigin forsendum. Takist að skapa varanlegan grundvöll fyrir slíku verður til kjarni einstaklinga sem vinnur að því ötullega, meðvitað sem ómeðvitað að efla samskipti þjóðanna og viðhalda traustum tengslum. Slíkt ætti að vera meðal helstu forgangspatriða stjórnvalda.

7.5 Tillögur

Vísinda- og menntasjóður

Hlutverk sjóðsins verði að styrkja námsmenn, rannsakendur og kennara til vistaskipta, samstarfs og sameiginlegra verkefna. Fjármagn komi frá hinu opinbera, félagasamtökum og einkaaðilum. Stofnfé verði ákvarðað og tryggt fjármagn til starfsemi til a.m.k. 5 ára.

Rannsóknir og nýsköpun

Leiða má að því sterkum líkum að innan rannsóknarsamfélagsins á Íslandi og Færeyjum megi finna umtalsverð samlegðaráhrif. Ekki síst á sviðum sem tengjast hafsæknum iðnaði og nýtingu strandsvæða. Þá er ekki síst horft til aukinnar áherslu á nýtingu þörunga og þara, nýtingu annarra lifandi auðlinda hafsins, bæði villtra og alinna. Nú þegar er til staðar nokkurt samstarf á sviði rannsókna og nýsköpunar milli Íslands og Færeyja, en það mætti auka til muna. Lagt er til að til þess bærum aðilum, t.d. Rannís í tilfalli Íslands, verði falið að leita leiða til að auka slíkt samstarf báðum þjóðum til hagsbóta og framþróunar.

Valnámskeið í framhaldsskóla

Takmörkuð þekking almennings, á Íslandi og í Færeyjum, á högum hvors annars stendur auknum samskiptum þjóðanna á flestum sviðum fyrir talsverðum þrifum. Leita skyldi leiða til að efla gagnkvæma þekkingu þessara nágrannaþjóða um hvor aðra. Lagt er til að mótaðar verði stuttar skiptinemaáætlanir á framhaldsskólastigi, t.d. valáfanga sem fjalli um sameiginlegan menningararf þjóðanna á víðum grundvelli, sameiginlega hagsmuni og hvað skilur þær að. Lykilhluti áfangans væri stutt skiptinám, t.d. tvær vikur, þar sem nemendur ferðuðust milli landanna og dveldu hjá gístifjölskyldum. Með þessu mætti skapa fjöldan allan af ungum „sendiherrum“ sem hefðu bæði vilja og áhuga til að efla tengsl þjóðanna á öllum sviðum mannlífs til framtíðar.

Efld þátttaka íslenskra skóla á menntadeginum

Umtalsverður áhugi er á því meðal íslenskra háskóla að fjölga færeyskum nemendum sem hingað koma til framhaldsnáms. Engar hindranir eru í veginum fyrir því að Færeyingar stundi hér nám, þeir njóta opinbers stuðnings eigin stjórnvalda við nám hér líkt og væri það stundað annarsstaðar og þá geta færeyskir námsmenn sótt um námslán hjá Menntasjóði námsmanna. Rannís hefur undanfarin ár kynnt íslenskt háskólanám á menntadeginum í Þórshöfn.

Lagt er til að þess verði farið á leit við rektora háskólanna á Íslandi að skólarnir sameinist um að stórefla sýnileika íslenskra háskóla á menntadeginum á næstu árum.

Námsefni fyrir grunnskóla

Aukin þekking Íslendinga á Færeyjum myndi efalaust leiða af sér aukningu samvinnu og samstarfs á fjölmörgum sviðum. Aðgengi að góðu fræðsluefni og markviss kennsla um grannþjóðir okkar yrði til þess að bæta hér úr. Lagt er til að mennta- og menningarmálaráðuneytið hlutist til um gerð nútímalegs námsefnis fyrir grunnskóla þar sem fjallað yrði um Færeyjar fyrr og nú með heildstæðum hætti og lögð áhersla á tengsl Íslands og Færeyja í fortíð, nútíð og framtíð.

Nýsköpunarvettvangur

Mikilvægt er að hlúa að þeim samstarfssprotum sem þegar hafa vaxið milli landanna á sviði nýsköpunar. Þegar Nýsköpunarmiðstöð er horfin af sviðinu sem tengiliður við Færeyjar á þessu sviði þarf að tryggja að tengingar haldist og núverandi samstarf haldi áfram og þróist til framtíðar. Lagt er til að atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu verði falið að koma með tillögur um hvernig þetta verði best gert í samstarfi við þar til bær yfirvöld í Færeyjum.

Rannsóknar- og nýsköpunardagar

Til að efla samvinnu og fjölga samstarfsverkefnum er mikilvægt að skapa vettvang þar sem aðilar, virkir á þessu sviði, geta myndað tengsl. Slíkt mætti til dæmis gera með því að skipuleggja reglulega rannsóknar- og nýsköpunardaga, sem haldnir væru til skiptis á Íslandi og í Færeyjum. Lagt er til að Rannís, Íslandsstofa og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið hafi frumkvæði að skipulagningu viðburðar af þessu tagi og hleypi honum af stökkunum í samstarfi við rétta aðila í Færeyjum.

8. Menningarmál

Fátt tengir einstaklinga betur saman en menning og listir, í hvaða mynd svo sem það er. Að efla og treysta samstarf milli Íslands og Færeyja á listasviðinu er því vel fallið til að treysta bönd landanna enn frekar.

Á Íslandi eru starfandi miðstöðvar skapandi greina á öllum neðangreindum sviðum. Hið sama gildir í Færeyjum. Í einhverjum tilfellum hefur átt sér stað samtal milli þessara aðila, en ekki er um formlegt samstarf að ræða. Formgerð samstarfs tryggir að það snýst ekki einungis um einstök verkefni eða byggi á einstaklingum, heldur veitir samstarfinu umgjörð til framtíðar. Slíkt samstarf þarf að vera mótað á þann hátt að það henti öllum þátttakendum og sé listamönnum frá báðum löndum hagstætt.

8.1 Sviðslistir

Á síðustu áratugum hefur töluvert af íslenskum leikstjórum komið til Færeyja til að leikstýra, bæði atvinnu- og áhugamannafélögum víðsvegar um eyjarnar og eins boðið upp á vinnustofur af ýmsum gerðum. Eins hafa Íslenskir leikmyndahönnuðir, ljósamenn o.fl. lagt færeyskum sviðslistaverkefnum lið. Þetta gerist þó yfirleitt vegna persónulegra tengsla manna í millum. Oft hafa stór sviðslistaverkefni sem styrkt hafa verið af norrænum sjóðum, t.a.m. Veislan eftir Thomas Vinterberg, sem sett var upp í Norðurlandahúsinu í Þórshöfn verið upphaf tengslamyndunar sviðslistafólks frá Færeyjum og Íslandi – og þau tengsl síðan getið af sér fleiri verkefni. Eins hafa nokkrir Færeyingar sótt sér menntun innan sviðslista á Íslandi og þannig komið upp öflugum tengslaneti.



Mynd 8: Norðurlandahúsið í Þórshöfn.

8.2 Tónlist

Áralöng hefð er fyrir allskyns tengslum og samstarfi á sviði tónlistar. Hljóðfæraleikarar, söngvarar, hljómsveitar- og kórstjórar hafa farið á milli landa og unnið verkefni. Þó nokkrir færeyskir tónlistarmenn hafa numið tónlist hér á landi og eiga þétt tengslanet við íslenska tónlistarmenn á þeim grunni. Í því samhengi má nefna að Sigurður Flosason kemur árlega til Færeyja til að vinna með Færeysku Stórsveitinni, en stofnandi hennar var nemandi Sigurðar. Garðar Cortes og Ólöf Harðardóttir komu reglulega til að kenna söng hér á árum áður og ný dæmi eru um færeyska tónlistarmenn í íslenskum vinsælum hljómsveitum. Eini gallinn á þessu annars ágæta flæði milli landanna tveggja er að það er fyrst og fremst byggt á persónulegum tengslum, það eru engir formlegir verkferlar sem stuðst er við – sem tryggir enga samfellu.

Vísir er þó að formlegri samskiptum í formi samstarfs tónlistarhátíðarinnar Iceland Airwaves og útflutningsskrifstofu færeyskrar tónlistar (FMX). Til stóð að kynna færeyska tónlist á Airwaves í nóvember en hátíðinni hefur verið frestað til 2022 vegna heimsfaraldursins. Þarna er um mjög ánægjulegan samstarfssprota að ræða sem vonandi leiðir til enn frekari tengsla milli landanna á sviði tónlistar.

8.3 Bókmenntir

Góð samvinna ríkir milli Miðstöðvar íslenskra bókmennta og systurmiðstöðvar hennar Farlit, en Farlit verður til í kjölfar þess að Ísland bauð Færeyjum að vera gestur sinn á bókamessunni í Frankfurt þegar Ísland var heiðursgestur árið 2011. Ekki hefur verið mikið um að færeyskar bókmenntir hafi verið þýddar á íslensku en fjölmargar íslenskar bækur, eldri og nýjar má finna á færeysku. Jákvætt væri ef stuðlað væri að öflugri þýðingum á færeyskum bókmenntum á íslensku bæði fyrir færeyskar bókmenntir, en ekki síður og öllum mun heldur fyrir íslenska lesendur því strengurinn sem tengir þjóðirnar er með þeim hætti að færeyskum bókmenntum yrði án efa vel tekið hér.

8.4 Myndlist

Eftir því sem næst verður komist er ákaflega lítið samstarf á sviði myndlistar og ekki um formlegt samstarf að ræða þegar það þó er til staðar. Sýningar á verkum íslenskra myndlistarmanna eru vissulega haldnar í Færeyjum, oftast í Norðurlandahúsinu, en líka á Listasafni Færeyja. Örsjaldan eru sýningar á verkum færeyskra listamanna hér á landi, nema þá á veggjum norræna hússins. Það myndi tvímælalaust auðga íslenskt listalíf að hér væru oftár haldnar sýningar á færeyskum verkum á listasöfnum.

8.5 Kvikmyndir

Á undanförunum árum hefur verið mikill vaxtarkippur í færeyskri kvikmyndagerð, töluvert er af ungu færeysku kvikmyndagerðarfólki sem hefur nýlengi menntun og þó svo að það snúi ekki allt heim að námi loknu, kjósa þau mörg að vinna að myndum sem hafa Færeyjar sem sögusvið. Fyrir nokkrum árum var stofnaður kvikmyndsjóður undir færeyska menntamálaráðuneytinu og árið 2017 kvikmyndamiðstöðin Filmshús. Sá mikli árangur, sem íslenskir kvikmyndagerðarmenn hafa náð á undanförunum árum, er Færeyingum mikill innblástur og þá langar til að stefna í sömu átt. Það sem hefur haft gríðarleg áhrif á kvikmyndaíðnað Íslands eru vinsældir landsins sem tökustaður fyrir stór erlend verkefni, ekki síst vegna þeirrar þekkingar og reynslu sem verður eftir hjá því íslenska kvikmyndagerðarfólki sem starfar við fyrrnefnd verkefni.

Þá hafa endurgreiðslur opinberra gjalda vegna kvikmyndaframleiðslu haft veruleg áhrif til að laða hingað fyrirtæki til kvikmyndagerðar. Af þessari reynslu gætu íslensk stjórnvöld og aðilar í kvikmyndageiranum miðlað til mótleikara sinna í Færeyjum því talsverðir sameiginlegir hagsmunir gætu verið af því að

bæði löndin standi styrkum fótum á þessu sviði í samkeppni um verkefni á alþjóðavettvangi.

8.6 Tillögur

Samstarf miðstöðva skapandi greina

Það væri án efa til þess fallið að auka samstarf íslenskra og færeyskra listamanna ef formlegu samstarfi miðstöðva skapandi greina yrði komið á, fjölga þannig sjálfsprottnum samstarfsverkefnum og auðga menningarlíf í báðum löndum. Lagt er til að miðstöðvar skapandi greina, í samstarfi við utanríkisráðuneytið og Íslandsstofu leitist eftir því að gera samstarfssamninga við sambærilegar miðstöðvar í Færeyjum.

Samstarf tónlistarhátíða

Á Íslandi hefur verið haldin alþjóðleg kynningarhátíð fyrir tónlist undir nafninu Iceland Airwaves allt frá árinu 1999. Hátíðin hefur vaxið ár frá ári og hefur skapað sér nafn sem er þekkt á heimsvísu og orðið íslenskri tónlist mikil lyftistöng. Í Færeyjum er haldin sambærileg hátíð undir heitinu G! Festival og var hún fyrst haldin árið 2002. Í ljósi þess að tilgangur hátíðanna er hinn sami og markhópurinn að einhverju leyti einnig, mætti hugsa sér að nokkur ávinningur gæti verið að samvinnu skipuleggjenda þeirra. Þá ber einnig að hafa í huga að þær eru ekki haldnar á sama tíma árs og því ekki um beina samkeppni að ræða þeirra á milli. Lagt er til að stjórnvöld fari þess á leit við skipuleggjendur Iceland Airwaves að þeir kanni fýsileika samstarfs við skipuleggjendur G-Festival.

Samstarf listasafna

Eitthvað hefur verið um samstarf listasafna á Íslandi og í Færeyjum um stök verkefni. Áhugavert væri að kanna hvaða fletir væru á að formgera samstarf a.m.k. opinberu listasafnanna á Íslandi og Listasafns Færeyja til að auka sýnileika myndlistar landanna fyrir almenningi í báðum löndum. Lagt er til að þess verði farið á leit við opinber listasöfn á Íslandi að þau geri samstarfssamning, saman eða hvert um sig, við Listasafn Færeyja.

Samstarf um tökustaði fyrir kvikmyndir

Kvikmyndaiðnaður er á Íslandi orðin stöndug grein sem skilar umtalsverðum tekjum og Færeyjar stefna í sömu átt. Þó margt sé líkt með Íslandi og Færeyjum sem tökustöðum er einnig margt mjög ólíkt. Þetta gætu greinarnar fært sér í nyt og styrkt stöðu sína í samkeppni um verkefni. Lagt er til að Kvikmyndamiðstöð Íslands beiti sér fyrir því að íslenskir framleiðendur á þessu sviði leiti samstarfs við færeyska aðila, t.d. á sviði markaðssetningar eða samvinnu um einstök verkefni.

9. Íþróttir

Um áratugaskeið hafa Íslendingar og Færeyingar átt samskipti á sviði íþróttá, fyrst í knattspyrnu, en síðar í badminton, sundi, handbolta og blaki. Áramunur hefur verið á umfangi þessara samskipta, en mest hafa þau verið í knattspyrnunni. Knattspyrnuíðkun hófst á Íslandi laust fyrir 1900 en Íþróttafélagið Ármann var stofnað árið 1888 og Knattspyrnufélag Reykjavíkur (Fótboltafélag Reykjavíkur) árið 1899. Fyrsta Íslandsmótið í knattspyrnu var haldið árið 1912. Í Færeyjum má segja að knattspyrnuíðkun hafi hafist laust eftir árið 1904, en Tvøroyrar Bóltfelag var stofnað árið 1892. Fyrstu Færeyjameistarar voru krýndir árið 1942.

Knattspyrnusamband Íslands (KSÍ) var stofnað árið 1947 og varð þá aðili að FIFA og að UEFA við stofnun þess árið 1954. Fótbóltsamband Føroya (FSF) varð aðili að FIFA árið 1988 og árið 1990 að UEFA, en þar studdu Íslendingar (m.a. þeir Ellert Schram og Gunnar Sigurðsson) vel við inngöngu Færeyinga á svið alþjóða knattspyrnunnar, sem var hörð barátta Færeyinga til að fá stöðu sína viðurkennda og fá að spila undir eigin fána.

Fyrstu sagnir um samskipti á sviði íþróttá Íslands og Færeyja eru frá árinu 1929, en þá kom lið HB (Havnar Bóltfelag) til Íslands í boði KR og lék gegn KR og Val en árið 1930 buðu Færeyingar fyrstir þjóða íslenskum knattspyrnumönnum í heimsókn. Um var að ræða úrvalslíð íslenskra leikmanna sem léku þrjá leiki á Ólafsvöku. Þá kom lið TB frá Suðurey í heimsókn árið 1939 og lék gegn KR og Val. Allnokkur færeysk félög hafa í gegnum tíðina komið til Íslands og íslensk félög heimsótt Færeyjar í eftirminnilegum ferðum fyrir þá sem þátt tóku, en einnig hafa leikmenn og þjálfarar spilað og þjálfað í báðum löndum. Landsleikir Íslands og Færeyja í knattspyrnu eru nú alls 25. Árið 2002 varð til samkomulag knattspyrnusambandanna í báðum löndum um árlegan leik Íslandsmeistara og Færeyjameistara undir nafninu North Atlantic Cup, en lagðist af árið 2005.

Íþróttá og Ólympíusamband Íslands (ÍSÍ), Íþróttasamband Føroya (ÍSF) og sérsambönd í einstökum íþróttagreinum hafa átt í góðum samskiptum um langa hríð. Samstarf landanna á þessu sviði hefur að stórum hluta átt sér stað á vettvangi Norðurlandþjóðanna eða alþjóðlegra sérsambanda, en með auknu tvíhliða samstarfi má styrkja og bæta samstarf landanna. Íþróttahópar hafa farið til keppni milli landanna í knattspyrnu, sundi, badminton, blaki og handbolta svo dæmi séu nefnd, en eflaust eru tækifæri til frekari samskipta á þessu sviði.

Íslendingar hafa á liðnum árum stutt eindregið við umsóknir Færeyinga um aðild að alþjóðasamböndum og nú liggur fyrir áhugi Færeyinga á að taka þátt í Smáþjóðaleikunum og Ólympíuleikunum undir eigin fána. Sú beiðni hefur ekki náð fram að ganga, en ÍSÍ hefur stutt við erindi ÍSF með því að senda stuðningsbréf til viðeigandi aðila. Því liggur fyrir að íþróttahreyfingin á Íslandi hefur með beinum hætti stutt við erindi íþróttahreyfingarinnar í Færeyjum og er

áfram reiðubúin til að leggja ÍSF og sérsamböndum í Færeyjum lið á alþjóðlegum vettvangi þar sem þess er þörf.

9.1 Tillögur

Samstarf íþróttasambanda

Lagt er til að Íþróttasamband Íslands og Íþróttasamband Føroya geri með sér samstarfsyfirlýsingu um að efla tvíhliðasamskipti á sviði íþróttanna milli landanna.

Samstarf íþróttagreina

Sérsambönd innan ÍSÍ skoði hvernig megi auka formlegt samstarf við sérsambönd í Færeyjum í þeim íþróttagreinum sem iðkaðar eru í báðum löndum. Þar undir gæti m.a. fallið gagnkvæmar heimsóknir íþróttaliða, samstarf á sviði þjálfaramenntunar, menntunar dómara og hagnýt atriði varðandi tækniþróun við þjálfun og keppni.

10. Lokaorð

Hér að ofan hefur verið fjallað um samskipti Íslands og Færeyja á mörgum sviðum og gerðar þrjátíu tillögur um aðgerðir sem taldar eru til þess fallnar að efla samstarf og samskipti þjóðanna þeim til heilla. Það er ávallt úr vöndu að ráða hvar skuli bera niður, þegar samskipti grannlanda eiga sér árhundraða sögu og eru jafn náin og raun ber vitni. Starfshópurinn var þó allt frá fyrsta fundi einhuga um að einbeita sér sem mest að sviðum sem einungis varða tvíhliðasamskipti Íslands og Færeyja og þeim sem bæði lönd geta beitt sér á.

Þess skal getið að fljótlega varð ljóst að erfitt yrði að gera tæmandi upptalningu á samstarfi þjóðanna og samskiptum þeirra, til þess er einfaldlega of mörgu til að dreifa. Það er þó von starfshópsins að hér hafi verið dregin upp nokkuð heildstæð mynd sem muni gagnast sem grunnur fyrir það sem næst skyldi koma, þ.e. að hrinda tillögum hópsins í framkvæmd.

Í því skyni leggur hópurinn til að stofnað verði til samstarfsráðs milli Íslands og Færeyja, sem m.a. fái það hlutverk að vinna að framgangi tillagnanna. Það er trú hópsins að verði ekki skapaður vettvangur sem fái þá ábyrgð, þá sé til lítills unnið með verki þessu. Of mikil verðmæti eru fólgin í eflingu samskipta þjóðanna til þess að ekki verði unnið ötullega að framgangi þeirra verkefna sem hér eru lögð til.

Starfsópurinn vill þakka þeim fjölmörgu aðilum sem veittu lið við gerð þessarar skýrslu og þann augljósa áhuga sem allir hlutaðeigandi sýndu verkinu og undirstrikuðu einlægan vilja til að efla og treysta böndin milli Íslands og Færeyja.

Fyrir hönd starfshópsins,
Júlíus Hafstein, formaður

Viðauki I: Tillögur starfshópsins

1. Samstarfsráð

Í samstarfi við stjórnvöld í Færeyjum verði sett á fót samstarfsráð Íslands og Færeyja. Hlutverk ráðsins verði m.a. að fylgja eftir þeim tillögum sem fram koma í skýrslu þessari. Samsetning ráðsins taki mið af þeim sviðum sem helst eru til þess fallin að efla samstarf þjóðanna. Í ráðinu sitji fulltrúar utanríkisráðuneyta landanna, atvinnulífsins, skapandi greina og nýsköpunargeirans. Nánari útfærsla verði ráðin í samstarfi stjórnvalda Íslands og Færeyja.

2. Viðskiptastefna

Á kaupstefnum gefst aðilum viðskiptalífsins tækifæri til að kynna vörur sínar og þjónustu fyrir hugsanlegum viðskiptavinum á persónulegri hátt en annars. Þrátt fyrir nálægð Íslands og Færeyja eru viðskipti milli landanna tiltölulega lítil. Vert er að leita leiða til að auka þau og útvíkka til fleiri sviða en nú er. Lagt er til að Íslandsstofa leiti eftir samstarfi við systurstofu sína í Færeyjum við að skipuleggja kaupstefnu sem farið gæti fram í hvoru landanna sem er og halda mætti með reglulegum hætti.

3. Formfesting samstarfs við Fæís

Virkt tvíhliða verslunarráð getur haft mikil áhrif til eflingar viðskipta milli landa. Færeysk - íslenska viðskiptaráðið (Fæís) hefur á starfstíma sínum skipt verulegu máli í því skyni. Til þess að nýta enn frekar þennan vettvang og stuðla að upplýsingaflæði milli stjórnvalda, sem m.a. bera ábyrgð á rekstri Hoyvíkursamningsins, er lagt til að formfest verði samstarf milli viðskiptaskrifstofu utanríkisráðuneytisins og Fæís með reglulegum fundum.

4. Viðskiptasendinefndir

Skipulagning markvissra viðskiptasendinefnda milli landa hefur í gegnum árin reynst íslenskum fyrirtækjum vel til að afla sér viðskiptatengsla á erlendum mörkuðum. Íslandsstofa hefur haft veg og vanda af skipulagningu slíkra ferða gjarnan í samstarfi við sendiskrifstofu Íslands í viðkomandi landi sé því til að dreifa. Lagt er til að Íslandsstofa í samstarfi við aðalræðisskrifstofu Íslands í Þórshöfn skipuleggi för viðskiptasendinefndar til Færeyja hið fyrsta.

5. Aukin tíðni flugs

Einungis fáar flugferðir á viku tengja saman Ísland og Færeyjar. Aukin tíðni flugferða myndi hafa jákvæð áhrif á samskipti landanna, á sviði

ferðapjónustu, vöruflutninga og almennra samskipta einstaklinga og fyrirtækja. Lagt er til að stjórnvöld beiti sér fyrir gerð fýsileikakönnunar á auknum flugsamgöngum milli Íslands og Færeyja í samstarfi við þau flugfélög sem nú sinna flugi á milli landanna. Þá verði einnig haft í huga hvort forsendur væru fyrir flugi á aðra flugvelli á Íslandi, s.s. til Akureyrar eða Egilsstaða.

6. Auknar farþegasiglingar

Farþegaflutningar á sjó með Norrænu skapa jákvæða ferjutengingu við Ísland um Seyðisfjörð með áfangastöðum í Þórshöfn og Hirtshals í Danmörku. Ekki er ferjutenging að svo komnu máli við hafnir á suðvestanverðu landinu. Slík tenging gæti styrkt enn frekar reglubundnar farþegasiglingar á sjó og aukið ferðamannastraum milli landanna. Lagt er til að gerð verði fýsileikakönnun á mögulegum farþegasiglingum milli Færeyja og hafna á suðvesturhorni Íslands.

7. Samtenging flutningaleiða fyrir ferskvöru

Ferskar afurðir eru vaxandi hluti í útflutningi sjávarafurða beggja landanna. Til að útflutningur á ferskvöru geti vaxið og þar með aukið verðmætasköpun eru greiðar flutningsleiðir til erlendra markaða lyklatriði, hvort sem með flugi eða sjófragt. Þá gefur ný tækni við kælingu enn fleiri möguleika en áður varðandi útflutning á ferskum fiski, unnum eða óunnum. Lagt er til að stjórnvöld hafi frumkvæði að því að þau fyrirtæki sem stunda flutninga í lofti og á legi og útflytjendur komi saman með aðkomu stjórnvalda til að greina með hvaða hætti sé hægt að þetta samtengingu flutningskerfa og ryðja úr vegi hindrunum fyrir slíku séu þær til staðar.

8. Siglingar, umhverfismál og auðlindir

Unnið verði að samkomulagi milli Íslands, Færeyja og Grænlands um hagfræðilegar og lögfræðilegar rannsóknir á hagsmunum landanna varðandi þróun siglinga, umhverfismála og fleira á norðurslóðum.

9. Rammasamningur um fiskveiðar

Til þessa hafa íslensk og færeysk stjórnvöld samið árlega um aflaheimildir og aðgang að lögsögum landanna. Þetta eru gjarnan tímafrekar viðræður og því hefur nú um nokkurt skeið verið unnið að gerð rammamnings sem leysi þetta árlega fyrirkomulag af hólmi. Lagt er til að aukinn kraftur verði lagður í viðræður um samning þennan og honum lokið eigi síðar en fyrir árslok 2021.

10. Bláa hagkerfið

Upp er runninn sá tími að sjávarútvegsþjóðir geta ekki lengur treyst á hefðbundinn sjávarútveg sem vaxtarbrodd og grundvöll efnahags. Mikilvægi þróunar nýrra vinnsluaðferða, nýtingu nýrra tegunda og efling

hafsækinnar starfsemi er því meiri nú en fyrr. Lagt er til að atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið leitist eftir því að gera rammisamning við Færeyjar um eflingu bláa hagkerfisins í löndunum báðum þar sem auðsýnt er að hagsmunir þjóðanna fara hér saman að fullu.

11. Vöktun og hafrannsóknir

Þrátt fyrir að Hafrannsóknarstofnun eigi í talsverðu samstarfi við færeyska aðila á sínu sviði má leiða að því líkur að útvíkkun og frekari formfesting samstarfs gæti verið gagnleg. Ekki síst í ljósi örra breytinga á náttúruvafari norðurslóða, hlýnunar hafs og breytinga í göngumynstri flökkustofna, sem hafa bein áhrif á hagsmuni Íslands og Færeyja. Lagt er til að Hafró og Havstovan geri með sér yfirgripsmikinn samstarfssamning um rannsóknir og fái að borðinu aðrar stofnanir á sviði umhverfisrannsókna teljist þess þörf.

12. Fiskeldi

Virkt samstarf á sviði fiskeldis, þróunar greinarinnar, vinnslu afurða, rannsókna og sjúkdómavarna gæti reynst heilladrjúgt skref. Fyrirtæki í báðum löndum standa framarlega í vinnslu sinni en ljóst er að gera má betur til að skapa sérstöðu og auka markaðshlut sinn á heimsvísu og verðmæti afurða. Lagt er til að atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið bjóði til samráðs milli samtaka fiskeldisfyrirtækja á Íslandi og í Færeyjum með það að markmiði að formfesta samráð þeirra á milli með þátttöku sjávarútvegsyfirvalda í báðum löndum.

13. Aukið markaðssamstarf á erlendum mörkuðum

Öflugt markaðsstarf er forsenda þess að viðhalda stöðunni sem eftirsóttur áfangastaður ferðamanna. Þegar eru tengingar milli Íslandsstofu og Visit Faroe Islands en ljóst er að öflugt tvíhliðasamstarf um markaðsstarf myndi þjóna markmiðum beggja. Í slíkri sameiginlegri sókn mætti einnig líta til þess að nýta krafta sendiskrifstofa landanna í þeim fjórum borgum þar sem bæði hafa skrifstofur. Lagt er til að Íslandsstofa leitist eftir formlegra samstarfi við Visit Faroe Islands varðandi sameiginlega markaðssetningu á erlendum mörkuðum.

14. Aukið tvíhliða markaðssamstarf

Ferðamannastraumur á milli Íslands og Færeyja er ekki mikill og talsverð tækifæri því fólgin í að kynna löndin sem áfangastað fyrir íbúum landanna. Samvinna um slíkt markaðsstarf er líkleg til að skila árangri. Lagt er til að sendiskrifstofa Íslands í Þórshöfn leiti samvinnu við sendiskrifstofu Færeyja í Reykjavík um hvernig best sé að ráðast í slíkt markaðsstarf í samstarfi við ferðamálastofur landanna.

15. Samstarfssamningur milli lyfjastofnana

Lyfjastofnun Íslands og Apoteksverkið í Færeyjum hafa átt í viðræðum um gerð samstarfssamnings sem miðar að eflingu samstarfs beggja embætta, auknum upplýsingaskiptum og samráði. Hvatt er til þess að samstarfssamningur þessi verði eins umfangsmikill og embættin telji vænlegt og að honum verði lokið hið fyrsta.

16. Starfsnám í hjúkrunarfræðum

Lagt er til að HÍ og HA leitist eftir því að koma á laggirnar tvíhliðasamstarfi við Fróðskaparsetrið um vistaskipti nema í starfsnámi í hjúkrunarfræði, í því formi sem best hentar öllum og leiti til þess stuðnings viðeigandi stjórnvalda.

17. Efling samstarfs utan sjúkrahúsa

Í gildi er almennur samningur milli LSH og Heilsumálaráðs Færeyja um heilbrigðisþjónustu. Það virðist hins vegar sem svo að samstarf á öðrum vettvangi hafi dregist saman, t.d. á sviði lækninga eða meðferða utan sjúkrahúsa. Lagt er til að heilbrigðisráðuneytið taki höndum saman með heilbrigðisyfirvöldum í Færeyjum og geri úttekt á því á hvaða sviðum og með hvaða hætti megi auka nýtingu Færeyinga á heilbrigðisþjónustu utan sjúkrahúsa á Íslandi.

18. Vísinda- og menntasjóður

Hlutverk sjóðsins verði að styrkja námsmenn, rannsakendur og kennara til vistaskipta, samstarfs og sameiginlegra verkefna. Fjármagn komi frá hinu opinbera, félagasamtökum og einkaaðilum. Stofnfé verði ákvarðað og tryggt fjármagn til starfsemi til a.m.k. fimm ára.

19. Rannsóknir og nýsköpun

Leiða má að því sterkum líkum að innan rannsóknarsamfélagsins á Íslandi og Færeyjum megi finna umtalsverð samlegðaráhrif. Ekki síst á sviðum sem tengjast hafsæknum iðnaði og nýtingu strandsvæða. Þá er ekki síst horft til aukinnar áherslu á nýtingu þörunga og þara, nýtingu annarra lifandi auðlinda hafsins, bæði villtra og alinna. Nú þegar er til staðar nokkurt samstarf á sviði rannsókna og nýsköpunar milli Íslands og Færeyja, en það mætti auka til muna. Lagt er til að til þess bærum aðilum, t.d. Rannís í tilfelli Íslands, verði falið að leita leiða til að auka slíkt samstarf báðum þjóðum til hagsbóta og framþróunar.

20. Valnámskeið í framhaldsskóla

Takmörkuð þekking almennings, á Íslandi og í Færeyjum, á högum hvors annars stendur auknum samskiptum þjóðanna á flestum sviðum fyrir talsverðum þrifum. Leita skyldi leiða til að efla gagnkvæma þekkingu þessara nágrannþjóða um hvor aðra. Lagt er til að mótaðar verði stuttar skiptinemaáætlanir á framhaldsskólastigi, t.d. valáfanga sem fjalli um sameiginlegan menningararf þjóðanna á víðum grundvelli,

sameiginlega hagsmuni og hvað skilur þær að. Lykilhluti áfangans væri stutt skiptinám, t.d. tvær vikur, þar sem nemendur ferðuðust milli landanna og dveldu hjá gístifjölskyldum. Með þessu mætti skapa fjöldan allan af ungum „sendiherrum“ sem hefðu bæði vilja og áhuga til að efla tengsl þjóðanna á öllum sviðum mannlífs til framtíðar.

21. Efld þátttaka íslenskra skóla á menntadeginum

Umtalsverður áhugi er á því meðal íslenskra háskóla að fjölga færeyskum nemendum sem hingað koma til framhaldsnáms. Engar hindranir eru í veginum fyrir því að Færeyingar stundi hér nám, þeir njóta opinbers stuðnings eigin stjórnvalda við nám hér líkt og væri það stundað annarsstaðar og þá geta færeyskir námsmenn sótt um námslán hjá Menntasjóði námsmanna. Rannís hefur undanfarin ár kynnt íslenskt háskólanám á menntadeginum í Þórshöfn. Lagt er til að þess verði farið á leit við rektora háskólanna á Íslandi að skólarnir sameinist um að stórefla sýnileika íslenskra háskóla á menntadeginum á næstu árum.

22. Námsefni fyrir grunnskóla

Aukin þekking Íslendinga á Færeyjum myndi efalaust leiða af sér aukningu samvinnu og samstarfs á fjölmörgum sviðum. Aðgengi að góðu fræðsluefni og markviss kennsla um grannþjóðir okkar yrði til þess að bæta hér úr. Lagt er til að mennta- og menningarmálaráðuneytið hlutist til um gerð nútímalegs námsefnis fyrir grunnskóla þar sem fjallað yrði um Færeyjar fyrr og nú með heildstæðum hætti og lögð áhersla á tengsl Íslands og Færeyja í fortíð, nútíð og framtíð.

23. Nýsköpunarvettvangur

Mikilvægt er að hlúa að þeim samstarfssprotum sem þegar hafa vaxið milli landanna á sviði nýsköpunar. Þegar Nýsköpunarmiðstöð er horfin af sviðinu sem tengiliður við Færeyjar á þessu sviði þarf að tryggja að tengingar haldist og núverandi samstarf haldi áfram og þróist til framtíðar. Lagt er til að atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu verði falið að koma með tillögur um hvernig þetta verði best gert í samstarfi við þar til bær yfirvöld í Færeyjum.

24. Rannsóknar- og nýsköpunardagar

Til að efla samvinnu og fjölga samstarfsverkefnum er mikilvægt að skapa vettvang þar sem aðilar, virkir á þessu sviði, geta myndað tengsl. Slíkt mætti til dæmis gera með því að skipuleggja reglulega rannsóknar- og nýsköpunardaga, sem haldnir væru til skiptis á Íslandi og í Færeyjum. Lagt er til að Rannís, Íslandsstofa og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið hafi frumkvæði að skipulagningu viðburðar af þessu tagi og hleypi honum af stokkunum í samstarfi við rétta aðila í Færeyjum.

25. Samstarf miðstöðva skapandi greina

Það væri án efa til þess fallið að auka samstarf íslenskra og færeyskra listamanna ef formlegu samstarfi miðstöðva skapandi greina yrði komið á, fjölga þannig sjálfsprottnum samstarfsverkefnum og auðga menningarlíf í báðum löndum. Lagt er til að miðstöðvar skapandi greina, í samstarfi við utanríkisráðuneytið og Íslandsstofu leitist eftir því að gera samstarfssamninga við sambærilegar miðstöðvar í Færeyjum.

26. Samstarf tónlistarhátíða

Á Íslandi hefur verið haldin alþjóðleg kynningarhátíð fyrir tónlist undir nafninu Iceland Airwaves allt frá árinu 1999. Hátíðin hefur vaxið ár frá ári og hefur skapað sér nafn sem er þekkt á heimsvísu og orðið íslenskri tónlist mikil lyftistöng. Í Færeyjum er haldin sambærileg hátíð undir heitinu G-Festival og var hún fyrst haldin árið 2002. Í ljósi þess að tilgangur hátíðanna er hinn sami og markhópurinn að einhverju leyti einnig, mætti hugsa sér að nokkur ávinningur gæti verið að samvinnu skipuleggjenda þeirra. Þá ber einnig að hafa í huga að þær eru ekki haldnar á sama tíma árs og því ekki um beina samkeppni að ræða þeirra á milli. Lagt er til að stjórnvöld fari þess á leit við skipuleggjendur Iceland Airwaves að þeir kanni fýsileika samstarfs við skipuleggjendur G-Festival.

27. Samstarf listasafna

Eitthvað hefur verið um samstarf listasafna á Íslandi og í Færeyjum um stök verkefni. Áhugavert væri að kanna hvaða fletir væru á að formgera samstarf a.m.k. opinberu listasafnanna á Íslandi og Listasafns Færeyja til að auka sýnileika myndlistar landanna fyrir almenningi í báðum löndum. Lagt er til að þess verði farið á leit við opinber listasöfn á Íslandi að þau geri samstarfssamning, saman eða hvert um sig, við Listasafn Færeyja.

28. Samstarf um tökustaði fyrir kvikmyndir

Kvikmyndaiðnaður er á Íslandi orðin stöndug grein sem skilar umtalsverðum tekjum og Færeyjar stefna í sömu átt. Þó margt sé líkt með Íslandi og Færeyjum sem tökustöðum er einnig margt mjög ólíkt. Þetta gætu greinarnar fært sér í nyt og styrkt stöðu sína í samkeppni um verkefni. Lagt er til að Kvikmyndamiðstöð Íslands beiti sér fyrir því að íslenskir framleiðendur á þessu sviði leiti samstarfs við færeyska aðila, t.d. á sviði markaðssetningar eða samvinnu um einstök verkefni.

29. Samstarf íþróttasambanda

Lagt er til að Íþróttasamband Íslands og Íþróttasamband Føroya geri með sér samstarfsyfirlýsingu um að efla tvíhliðasamskipti á sviði íþróttanna milli landanna.

30. Samstarf íþróttagreina

Sérsambönd innan ÍSÍ skoði hvernig megi auka formlegt samstarf við sérsambönd í Færeyjum í þeim íþróttagreinum sem iðkaðar eru í báðum löndum. Þar undir gæti m.a. fallið gagnkvæmar heimsóknir íþróttaliða, samstarf á sviði þjálfaramenntunar, menntunar dómara og hagnýt atriði varðandi tækniþróun við þjálfun og keppni.

Samskipti Íslands og Færeyja

Tillögur til framtíðar